



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

## **Gleymda þorskastríðið**

*landhelgisdeilur Íslands og Vestur Þýskalands 1972-1975.*

**Ritgerð til BA í sagnfræði**

**Guðbjartur Þór Kristbergsson**

**September 2014**

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Sagnfræði

# Gleymda þorskastríðið

*landhelgisdeilur Íslands og Vestur Þýskalands 1972-1975*

Ritgerð til BA í Sagnfræði

Guðbjartur Þór Kristbergsson

Kt.: 1312883959

Leiðbeinandi: Guðni Th. Jóhannesson

September 2014



## Inngangur

Þann fyrsta september 1972 tóku í gildi ný umdeild lög um stækkaða landhelgi Íslands sem gerðu tilkall til 50 mílna lögsögu þetta var upphaf hins svokallaða seinna þorskastríðs, sem var heitið yfir landhelgisdeilum sem Íslendingar háðu við Breta, Þjóðverja og fleiri þjóða um veiðar kringum Ísland. Allt frá lokum fyrstu þorskastríðsins biðu Íslendingar eftir rétta tækifæri til að ráðast í aðra stækkun á landhelgi landsins enda stóð það ávallt til að stækka hana. Landhelgisgæslunni stóð mikið verk fyrir hendi er varðskipin settu stefnuna út á miðin en markmið þeirra var að vernda hina nýju umdeildu landhelgi Íslands. Þegar varðskipin sigldu út á miðin þann 1. september mættu þeim á miðunum gamlir andstæðingar úr fyrstu stríðinu en það voru bresku togararnir sem höfðu áður barist af mikilli hörku í eldri deilum varðskipanna. Bretar voru þó ekki þeir einu sem Íslendingar mættu á miðunum á þessum árum heldur voru Belgar, Færeyingar og Þjóðverjar þar einnig þekktir. Belgar og Færeyingar voru í minnihluta en deilur við þá mögnuðust ekki jafn mikið upp líkt og gömlu nýlendu veldin Breta og Þjóðverjar. Bretar og Þjóðverjar voru ásamt Íslendingum fyrirferðamestir á miðunum og deildu með sér meirihluta aflans sem fannst hér um kring. Sambandsveldi Þjóðverja hafði stundað hér við stendur verulegar veiðar um margra ára skeið líkt og Bretar og höfðu þeir byggt upp talverðan stóran og tæknivæddan úthafsveiðiflota sem veiddi hér aðallega karfa, keilu og ufsa ásamt dálitlu af þorski, Þjóðverjar héldu sig þá aðallega um það bil 50 mílum frá landi en fóru þó stundum nær landi. Þeir tóku þá ákvörðun í fyrstu deilunni að halda sig utan við hina nýju umdeildu landhelgi og voru því ekki aðilar að fyrri deilunni en sömdu seinna meir við Íslendinga um veiðiheimild innan nýrrar landhelgi. Allt önnur staða var árið 1972 þegar nýja 50 mílna landhelgi var tilkynnt af íslenskum stjórnvöldum þar sem þeir töldu vera brot á gerðum samningum og brot á alþjóðlegum lögum.

Umfjöllunarefni þessa verkefnis er að rannsaka landhelgisdeilur Íslands og Vestur Þýskalands á árunum 1971-1975, eða hið gleymda þorskastríð. Hér verður rakinn gangur deilunnar frá byrjun til enda og skoðað þar á meðal hver voru helstu vandamálín sem samninganefndir þjóðanna þurftu að leysa. Hér verður líka leitast til þess að svara þeirri spurningu af hverju deilan féll í skuggann á deilunni við Breta og hvort Íslendinga hafi tekið á ólíkan hátt á Þjóðverjum heldur en Bretum. Helstu heimildir sem notaðar

voru við gerð verkefnisins voru skýrslur og frásagnir samninganefnda Íslands, umfjöllun dagblaða og hinar ýmsu ritaðar heimildir og rannsóknir sem gerðar hafa verið um þorskastríðin. Margar rannsóknir hafa litið dagsins ljós um þetta áhugaverða tímabili Íslandssögunnar. Íslendingar, sem voru mjög efnahagsleg háðir fiskveiðum á þessum tíma, fóru áfram til verndar á þessari lífsnauðsynlegu auðlind landsmanna. Þegar fiskistofnar hér um kring, og þá allra helst þorskstofninn, fóru að sýna hnignunarmerki var ljóst að stjórnvöld hér á landi þurftu að bregðast við því annars gæti farið þorskstofninn farið sömu leið og síldarstofninn sem hrundi eftir mikla sókn Íslendinga í síldarævintýrinu á seinni hluta sjöunda áratug 20. aldar.

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>3</b>
<b>1. Bakgrunnur</b> .....	<b>6</b>
1.1 Þróun landhelgismála á Íslandi fyrir fyrsta þorskastríðið .....	6
1.2 Þjóðverjar á Íslandsmiðum .....	8
1.3 Stund á milli stríða .....	10
1.4 Kosningar 1971 .....	12
<b>2. kafli Upphaf samningaviðræðna</b> .....	<b>14</b>
2.1. Samningaviðræður 1971-1973 .....	14
2.2 1974-75 framhald viðræðna og loka spretturinn .....	16
<b>3. kafli Baráttan á miðunum</b> .....	<b>23</b>
3.1 Taka Arcturus .....	28
3.2 Löndunarbann .....	32
<b>4. kafli Helstu þrætuefni</b> .....	<b>34</b>
4.1 Verksmiðju- og frystitogaraspurningin .....	34
4.2 Bókun nr. 6 .....	35
<b>Niðurstöður</b> .....	<b>37</b>
<b>Heimildir:</b> .....	<b>38</b>
Prentaðar heimildir: .....	38
Dagblöð og tímarit: .....	38
Óprentaðar heimildir: .....	39
Vefheimildir: .....	39

# 1. Bakgrunnur

## 1.1 Þróun landhelgismála á Íslandi fyrir fyrsta þorskastríðið

Saga landhelgismála Íslands er flókin en meirihluta tímans höfðu Íslendingar enga stjórn á því hverjir voru að veiða hér við land. Þegar nær dró nútímanum vildu Íslendingar fá að stjórna því hverjir væru á veiðum hér við land sér í lagi þegar skipin urðu stærri og stærri á meðan Íslendingar voru á sínum litlu bátum innan um þvöguna. Á meðan Ísland var í konungssambandi við Norðmenn og seinna Dani gerðu stjórnvöld þar tilkall til alls Norður-Atlantshafs þar sem þeir réðu yfir meirihluta þeirra landa sem áttu aðgang að Norður-Atlantshafs og vildu banna umferð erlendra skipa þar nema með leyfi stjórnvalda. Þrátt fyrir þetta tilkall var lítið um að þessu væri tekið alvarlega, en á þessum árum var engin eiginleg landhelgisgæsla Dönsk stjórnvöld sendu hingað herskip aðeins nokkrum sinum á ári þannig að restina af tímanum var enginn að vernda landhelgina. Hugmyndir um frelsi hafsins, *Mare liberum*, voru enn í blóma lífsins á þessum árum en sú hugmynd fól í sér að lönd mættu taka sér þrönga landhelgi upp að 3-4 mílum sem fræðimenn töldu að væri sú lengd sem fallbyss myndi draga frá landi. Allt frá því skip gátu siglt hingað var vart um erlend skip hér við land sem komu hér til að versla og seinna að veiða þar á meðal þýsk skip þá allra helst skip Hansa kaupamann ásamt breskra sem voru hér við land á 14-15 öld.

Árið 1882 sömdu löndin við Norðursjó um að 3 mílna landhelgi myndi gilda hjá þeim en Danir sömdu ekki um landhelgi handa íslendingum á þessum tíma. Árið 1867 í bænaskrá Alþingis kvörtuðu Íslendingar yfir að erlend veiðiskip væru að fara mjög nálægt landi, allt inn í firði og grynningar, en þessar kvartanir voru ekki teknar alvarlega af stjórnvöldum. Erlendu þjóðirnar urðu harðfylgnari og fjöldi þeirra sem veiddu hér margfaldaðist þegar tækni í fiskigeiranum óx fisk um hrygg með gufuskípum og nýjum veiðifærum. Þegar byrjaði að þrengja að Íslendingunum á miðunum vildu þeir gera eitthvað, en það vakti fljótt fyrir þeim að þeir yrðu að tileinka þessa nýju tækni til að ekki vera undir á miðunum sem þeir höfðu nýtt í margar aldir.

Landhelgismál Íslands hafa þróast mjög ört síðan Ísland fékk landhelgismál í sínar hendur, fyrst í stað í köflum árið 1904 með heimastjórn, síðan með fullveldi 1918 og loks að fullu með sjálfstæði 1944. Með fullveldinu árið 1918 og stofnun Landhelgisgæslunnar árið 1926 reyndu Íslendingar að alvöru að hafa hendur í hári

landhelgisbrjóta. Fljótlega urðu breytingar á alþjóðlegum gruni í kjölfar fyrri heimsstyrjaldar. Þá stóð Þjóðarbandalagið árið 1930 fyrir alþjóðráðstefnu í Haag með það að markmiði að ná sátt í stærð landhelgi þar sem nokkrar hugmyndir voru um frá 3 mílna lögsögu allt upp í 16 mílna lögsögu sem Íslendingar voru hvað mest fylgjandi. Ekki náðist sátt í þessum málum en þetta sýndi að þróun væri í vændum. Mestu breytingarnar í þessum eignum urðu eftir seinna stríð en þá kom fram hugmyndin um rétt þjóða til landgrunnsins við strendur og rétt þjóðar til tilkalls allra auðlinda sem væri að finna þar. Bandaríkin voru fyrsta þjóðin til að gera tilkall yfirráðs yfir landgrunn undan ströndum sínum. Tilkallið var byggt á landgrunnshugmyndinni sem kom var fram í Truman-yfirlýsingunni árið 1945 þá allrahelst 2 ákvæði sem snúa að landgrunni við strendur landsins.

1. Bandaríkin álitu auðæfi landgrunnsins koma undir lögsögu sína. Þá var tekið fram að ekki myndu fyrir þessar sakir settar neinar hömlur hvað siglingar snerti.
2. Að lögsaga Bandaríkjanna varðandi fiskveiðar væri ekki nauðsynlega jafnlöng og landgrunnurinn, heldur teldi Bandaríkjastjórn nauðsynlegt að koma á verndunarsvæðum við strendur landsins þar sem fiskveiðar hefðu verið stundaðar eða kynnu að vera stundaðar í framtíðinni.<sup>1</sup>

Þetta setti af stað frekari þróun þessara mála í heiminum og margar aðrar þjóðir fóru að huga að því sama, þar á meðal Ísland sem var þá ung þjóð sem byggði afkomu sína mest á sjávarútvegi bauð þessa nýja hugmynd upp leið til að vernda iðnað sem skipti miklu varðandi framtíð hinnar nýsjálfstæðu þjóðar.

Í kjölfar Truman-yfirlýsingar fóru Íslendingar að vinna að svipaðri löggjöf hér á landi. Þó virðast Íslendingar hafa virðast vilja ekki fara eftir allri yfirlýsingunni en einnig kemur fram réttur aðra þjóða sem hafa veitt á svæðinu en þar segir, Þar sem hins vegar fiskveiðar hafa verið stundaðar eða verða stundaðar í framtíðinni á löglegan hátt af Bandaríkjamönnum og þegnum annarra ríkja, er rétt að tiltekin verndarsvæði verði sett upp samkvæmt samningum Bandaríkjanna við viðkomandi ríki. Allar fiskveiðar á ofangreindum svæðum skulu þá háðar því eftirliti, sem kveðið er á um í slíkum samningum. Bandaríkjastjórn veitir sér rétt til að ákvarða hvar þessi

---

<sup>1</sup> Hans G. Andersen. Greinargerð um landhelgismálið. Bls. 26–27



fram tíðarverndarsvæði eru með tilliti til annarra ríkja. Önnur ríki geta því einnig áskilið sér þennan rétt<sup>2</sup>

Thor Thors sendiherra Íslands í Washington var einn fyrsti talsmaður löggjafar hér á landi sem byggði á svipuðum hugmyndum og Truman-yfirlýsingin. Thor taldi að með svipaðri löggjöf væri hægt að vernda fiskimiðin kringum landið og taldi hann að um stórkostlegt hagsmunamál fyrir þjóðina að vernda fiskimiðin sín. Hans G. Andersen ungur lögfræðingur sem átti eftir að vera mikilvægur embættismaður í öllum þeim atburðum sem áttu eftir að koma hóf störf fyrir ríkisstjórnina árið 1946 en hann hafði menntaði sig í þjóðréttarfræði og hóf strax að kynna sér landhelgismál. Strax árið 1947 kom hann með uppkast að frumvarpi til verndunar fiskimiða landgrunnsins. Það sem kemur mjög á óvart er hversu margar ríkisstjórnir komu að þessu máli sem var mjög mikilvægt fyrir land og þjóð, allt frá nýsköpunarstjórninni til viðreisnarstjórnarinnar sem kláraði fyrsta skrefið. Landsmenn og stjórnvöld áttu mikið undir í þessum málum enda lögðu flestar ríkisstjórnir mikið fé í sjávarútveginn og þá allra helst nýsköpunarstjórnin, sem kom á mikilli nýsköpun í samfélaginu og þar á meðal mikið í sjávarútvegin með nýjum togurum og uppbyggingu fiskivinnslu á landi. Þannig var það Íslendingum og stjórnvöldu í hag tryggja sér sem mestan aðgang að fiskimiðunum. Tíðar stjórnarbreytingar á upphafsárum málsins breyttu engu um afstöðu til landhelgismála og þessi afstaða átti eftir að haldast lengi þar sem um mikið hagsmunamál fyrir Ísland var að ræða og flestir stjórnmalaflokkar voru sammála í þessum málum. Þó var deilt um hvernig ætti að standa að útfærslu landhelgarinnar.

## 1.2 Þjóðverjar á Íslandsmiðum

Hér undan ströndum eru stór og gjöful fiskimið fyrir þá sem þora að fara og sækja og eru veiðar Þjóðverja hér ekkert einstakt dæmi, en sögur af erlendum skipum hér á miðum eru ekki nýjar á nálinni. Áður en Þjóðverjar fóru að sækja miðin fyrir utan Ísland veiddu þeir að mestu undan eigin ströndum og við ósa stórfljóta. Skipafloði var uppbyggður mestmegnis af árabátum og seglskipum, veiðifærin voru frumstæð og vegna þessa lága tæknistigs á þessu tímabili var veiði á úthafinu fjarlægur draumur, skipakostur þeirra hafði ekki burði til þess. Fiskimarkaðurinn var þá einungis bundinn við ströndina, þar sem ekki var hægt að flytja fiskinn sem ferskastan langar leiðir. Þetta

---

Hans G. Andersen. Greinargerð um landhelgismálið. Bls. 26–27<sup>2</sup>

breytist á seinni hluta 19. aldar þegar ný tækni og veiðifæri komu til. Tilkoma gufuskipa gjörbreytti aðstæðum en með þeirra vélarafli var hægt að sækja lengra út og opnuðu því úthöfin til nytja. Fyrsta skipið af þessari gerð, sem byggt var í Þýskalandi hét Sagitta og var byggt að breskri fyrirmynd. Sagitta var byggt 1885 fyrir útgerðafyrirtækið Friedrich Busse & Co. Eftir að Sagitta hafði sannað sig sem góðan kostur varð í kjölfarið mikil bylting og fjölgaði skipum af þessari gerð.<sup>3</sup> Þegar nýju togararnir hófu veiðar héldu þeir sér til að byrja með helst við Norðursjó. Bretar og fleiri þjóðir með strönd að Norðursjó sóttu þá sjóinn grimmt og því var þröngt um á miðunum og oft komu upp deilur um að þjóðir væru að veiða undan ströndum hvers annars en þar má sjá eina fyrstu deilu og árekstur á hugmyndum um frelsi hafsins og rétt þjóða til að stjórna vötnunum í kring. Þjóðverjar lendu oft í deilum við hinar þjóðirnar þar sem strandlengja þeirra var mjög þröng og bauð því ekki upp á stórt svæði til veiða sem leiddi til þess að þeir sóttu lengra út. Vegna þrengsla á Norðursjó fóru Þjóðverjar og aðrar þjóðir að líta eftir öðrum miðum og litu til Norður-Atlantshafs og hinna miklu fiskimiða sem voru þar til boða, þar á meðal fiskimiða í kringum Ísland en þjóðir höfðu á árum áður veitt undan ströndum. Fyrsta gufuskip Þjóðverja sem kom til Íslands var Präsident Herwig skipið var sent hingað til að kanna miðin árið 1891. Markmið ferðar þessar voru að kanna fiskimiðin og athuga hvort hægt væri að veiða hér við strendur og hvort þær mundu standa undir sér. Meðan á ferðinni stóð lentu þeir í slæmum aðstæðum og gengu veiðarnar illa þeir týndu meðal annars veiðifærum sínum en gáfu miðunum grænt ljós þar sem þeir töldu þessi fiskimið geta staðiði undir hinum unga fiskiðnaði Þjóðverja. Þjóðverjar hófu síðan að sækja miðin undan Íslandi árið 1893 en fyrstu togararnir veiddu helst undan suðurströnd Íslands. Brátt byggðist upp talsverð starfsemi út frá þessum úthafsveiðum Þjóðverja í heimalandinu í bæjum við Norðursjó og þá allra helst í hafnarbæjunum Bremerhaven og Cuxhaven sem urðu miðstöðvar úthafsveiði flotans við Ísland og annars staðar, en stjórnvöld á þessum stöðum höfðu talsverð áhrif á framgang deilunnar. Veiðarnar við strendur Íslands héldu áfram og urðu meiri og meiri með aukinni tækniþróun í iðnaðinum. Í báðum styrjöldunum beið úthafsveiðiflotinn mikla hnekki en oft var flotinn tekin eignarnámi og hann tekinn inn í sjóherinn. Eftir seinna stríð lá úthafsveiðiflotinn að mestu niðri vegna fækkunar í flotanum sökum stríðsins og hömlunar á skipasmíði og takmörkun á stærð gerði þeim lífið leit í

---

<sup>3</sup> Ingo Heidbrink, Deutschlands einzeige kolonie ist das Meer, bls. 32-34

endurbyggingu flotans. Ljóst þótti að það þyrfti tíma til að endurbyggja flotann í sinni fyrri mynd en það bauð upp á að byggja hann upp á nýtt. Flotinn var byggður að nýrri mynd með áherslu á frystitogara og verksmiðju í stað ísfiskitogara. Ekki leið á löngu þar til þeir hófu að sækja miðin hér á ný. Þrátt fyrir að Þjóðverjar veiddu þorsk hér við land var það ekki aðalfisktegundin sem þeir sóttust eftir, heldur var það karfi og aðrar úthafstegundir. Íslands miðin voru mjög mikilvæg fyrir þýska fiskveiðaiðnaðinn en um það bil 30 % af heildar afla þeirra veiddist hér við land. Helstu veiðimið þýska skipanna voru lengra frá landi en þau mið sem Breta sóttu en það þýddi að fyrstu útfærslur landhelgi Íslands árið 1958 út í 12.mílur höfðu ekki mikil áhrif á flota þeirra og var því tekin ákvörðun af þýskum stjórnvöldum að flotinn skildi halda sér utan þessa nýju umdeilda svæði eftir stækkun landhelginnar þannig að ekki kæmi til átaka á milli þeirra og Íslendinga. Þessa staða hélt alveg í gegnum þessa deilu en þegar bresk og íslensk stjórnvöld gerðu samning sín á milli komu Þjóðverjar því fram að þeir vildu eining gera svipaðan samning og Bretar og fengu það í gegn. Þannig var staðan allt þar til 1971 þegar nýja landhelgin tók gildi.

### **1.3 Stund á milli stríða**

Friður ríkti í þessum málaflökk allt frá samningum árið 1961 þar til íslensk stjórnvöld stefndu að frekari útfærslu á seinni hluta sjöunda áratugar. Landhelgismálið var geymt og gleymt allan sjöunda áratuginn undir stjórnarsambandi Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks. Viðreisnarstjórnin, eins og hún var kölluð, stóð vaktina í fyrstu deilunni og samdi við Breta og Vestur-Þjóðverja árið 1961 um veiðar þeirra handa innan 12 mílnanna en ljóst var að aðeins um tímabundna lausn væri að ræða til ársins 1964 en óvissa ríkti um hvað myndi taka við að samningum loknum. Eftir að samningar náðust vaknaði upp spurningin hvernig ætti þá að standa að stækkun á landhelginni í framtíðinni en samkvæmt ályktun Alþingis frá maí 1959 stendur skýrt „að afla beri viðurkenningu á rétti Íslands til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega vernd fiskimiða landgrunnsins frá 1948“. Spurningin um framhaldið kom upp vegna hins umdeilda málskotsákvæði til Alþjóðadómstólsins í Haag, en Bretar og Þjóðverjar vildu hafa þann fyrirvara á er tryggði að Ísland gæti ekki fært landhelgina út einhliða án þess að láta stjórnvöld Breta og Þjóðverja vita vita með sex mánaða fyrirvara. Samkvæmt þessari grein ef til ágreinings kæmi vegna fyrirhugaðri einhliða útfærslu landhelgarinnar mætti leggja þá deilu fyrir Alþjóðadómstólinn í Haag. Annað

sem margir í töldu vanta inn í samninginn var uppsagnarákvæði, þar sem hægt var að segja upp samninginum. Stjórnarandstæðan var mjög ósátt við þetta ákvæði og raunar samninginn í heild og það var ekki talið til góðs að Alþjóðadómstólinn hafði einhver ítök í að ráða stærð landhelgi okkar Íslendinga, þar sem um okkar helstu atvinnugrein var að ræða.<sup>4</sup>

Margar og ólíkar útskýringar hafa verið gefnar fyrir því af hverju þetta mál lá ofan í skúffunni hjá íslenskum stjórnvöldum öll þessi ár. Lúðvík Jónsson, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, nefnir til þrjár meginástæður fyrir töfum á frekari útfærslu efnahagslögsögunnar. Í fyrsta lagi hafi það tekið nærri sex ár að fá fullnaðarviðurkenningu á tólf mílna landhelginni og ná fram friði á fiskimiðunum um þá skipan. Í öðru lagi hafi það tafið fyrir ákvörðun um nýjar aðgerðir í málinu að í samkomulaginu sem gert var við Breta og Vestur-Þjóðverja hafi verið umdeilt málskotsákvæði. Þetta ákvæði hafi allir bæði óttast og ekki verið tilbúnir að leggja út í deilur við Breta og Þjóðverja sem að öllum líkindum leiddu til úrskurðar Alþjóðadómstólsins um stærð landhelginnar við Ísland. Í þriðja lagi hafi seinkun orðið á stækkuninni vegna þess að aðstæður í atvinnu- og útgerðarmálum Íslendinga eftir 1964 verið gjörbreyttar frá því sem hafði verið á árunum 1958 og 1959. Lúðvík vildi meina að síldarævintýrið á árunum 1964 til 1968 hefði leitt til áherslu á síldveiðar í stað þorskveiða og því lítil ástæða til að knýja á um nýja baráttu í landhelgismálinu. Á þessum tíma snerust atvinnulíf og hugur landsmanna um að dæla síldinni upp úr sjónum. Þorskveiðar féllu í skuggann á síldarvinnslunni og togaraflotinn dróst saman. Togarafloti Íslendinga hafði stækkað jafnt og þétt frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar og fram á miðjan sjötta áratuginn, en eftir 1960 fór síðutogurunum ört fækkandi bæði vegna þess hve gamlir og úreltir þeir voru orðnir og eins vegna minnkandi veiði á miðunum. Togaraútgerðin þótti vart arðbær lengur og margir seldu eignir sínar út úr rekstrinum og sneru sér að annars konar atvinnustarfsemi. Til að mynda hófu margir störf í kringum síldarævintýrið áður nefnda, sem krafðist mikils mannafla á sjó og í vinnslu á landi. Margir hurfu á braut úr togaraútgerðinni og um 1970 var svo komið að starfandi íslenskir togarar voru aðeins 22 talsins og hafði þeim þá fækkað um rúmlega helming frá árinu 1953.

---

<sup>4</sup> Helgi Skúli Kjartansson. Ísland á 20. Öld. Bls. 288

Lúðvík dró einnig ályktanir um það hvers vegna svona löng seinkun hefði orðið á frekari útfærslu Lúðvík telur að það hefði hreinlega hvorki gefist tími né tilefni til þess. Á meðan Íslendingar voru að elta síldina hófu erlendar þjóðir að veiða hér við strendur aftur en óttinn við innrás erlendra togara á íslensk fiskimið hefði smám saman rekið á eftir íslenskum ráðamönnum að gera eitthvað í málinu. Það má því segja að samspil allra fyrrgreindra þátta hafi leitt til þess að landhelgismálið komst aftur á dagskrá íslenskra stjórnvalda.

Einnig er hægt bæta við og taka undir orð Hans G. Andersen í þeim efnum, það er að segja að þróunin á alþjóðasviðinu hafi haft þarna áhrif. Hans sagði að eftir vonbrigðin með niðurstöðu hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 1960 hafi orðið breyting á stefnu ríkisstjórnarinnar, en samkvæmt henni ætti að bíða með frekari útfærsluna umfram 12 mílur þar til frekari þróun á alþjóðavettvangi myndi eiga sér stað. Samkvæmt niðurstöðu ráðstefnunnar árið 1960 var ekki mikill áhugi fyrir stækkun á sjávarlögsögu en frekari þróun í þessum málum beið eftir að fleiri ný ríki kæmu fram og legðu sig fram í alþjóðasamfélagið fyrir breyttri hugsun í hafrétti. Hans sagði að eftir 1970 hefði önnur staða komið upp sem breytti aðstæðum hér á landi. Að sögn Hans var staðan hjá Sameinuðu þjóðunum þá orðin mun hagstæðari fyrir frekari þróun í þessum málum. Þá voru fleiri strandþjóðir að koma fram sem vildu einnig gera tilkall til stærri landhelgi, þar á meðal mikið af nýlega sjálfstæðum Afríkubjóðum sem vildu tryggja aðkomu sína að sjónum.

#### **1.4 Kosningar 1971**

Það var allt rólegt á þessum miðum lengst framan af sjöunda áratugnum. Það breyttist fljót þegar síldarævintýrinu lauk árið 1967 og að það fór að bera á merkjum ofveiða í íslenskum fiskistofnum þar á meðal þorskstofninum. Fóru þá raddir að gerast háværar fyrir því að leggjast í aðgerðir til verndunar fiskistofnanna. Þorskaflinn var í meira lagi kringum 1970 þar sem ungfiskum gekk vel að vaxa á þessum árum. Vegna þungrar sóknar frá íslenskum og erlendum flotum fóru stórir árgangar að þurrkast upp og varð aflinn árið 1972 því orðinn um þriðjungur af stofninum.<sup>5</sup>

1971 voru kosningar sem settu af stað annað stig stækkunar landhelgi Íslands. Stjórnartíð Viðreisnarstjórnar fór hallandi fæti þar sem aðgerðaleyfi stjórnarinnar í

---

<sup>5</sup> Helgi Skúli Kjartansson. Ísland á 20. Öld. Bls. 368

atvinnumálum og í kjölfar sjávarútvegskreppunnar sem varð eftir hrun síldarstofnsins varð ljóst að almenningur var í leit að aðgerðum í þessum veigamikla málaflokki. Kosningabandalag Framsóknarflokks, Samtaka frjálslyndra og vinstri manna og Alþýðubandalags stóð saman í kosningunum og boðaði meðal annars til aðgerða í landhelgismálinu og kjarabótum. Þessir flokkar mynduðu stjórn andstöðu á undan gengnu kjörtímabili þá allra helst Alþýðubandalagið og Framsókn, en það voru þeir sem hvað mest gagnrýndu samninginn og þá sérstaklega veitingu veiðiheimilda innan fiskveiðilögsögunnar og eins ákvæði í samningnum sem veiti þann rétt að ef ágreiningur kæmi upp um frekari útfærslu eða önnur hafréttarmál skyldi málinu vísað til Alþjóðadómstólsins í Haag. Viðreisnarstjórnin taldi sig vera bundna þeim samningi sem hún gerði við Breta og Vestur-Þjóðverja og taldi að ein leiðin til að færa út lögsöguna væri í sameiningu við þær þjóðir. Strax og ný ríkisstjórn tók sér sæti hóf Lúðvík Jósepsson, sem hafði verið sjávarútvegsráðherra þegar fyrst útfærslan varð að veruleika, aftur undirbúning að frekari útfærslu.

Þann 15. febrúar 1972 samþykkti Alþingi ályktun ríkisstjórnarinnar um uppsögn samninganna við Breta og Vestur-Þjóðverja frá 1961 og að landhelgin skyldi færð út í 50 mílur eigi síður en 1. september 1972. Á grundvelli þessarar ályktunar var síðan gefin út reglugerð um ný fiskveiðitakmörk við Ísland, sem undirrituð var 14. júlí 1972. Þann 24. febrúar tilkynnti Einar Ágústsson, utanríkisráðherra Íslands, Bretum og Vestur-Þjóðverjum yfirlýsta stefnu Alþingis í landhelgismálum og þar með að Íslendingar litu svo á að samningurinn frá 1961 væri ekki lengur í gildi. Þessu svöruðu sendiherrar Breta og Vestur-Þjóðverja hér á landi með því að bera fram mótmæli gegn þessari skoðun Íslendinga. Báðir sendiherrarnir lögðu áherslu á að stjórnvöld þeirra teldu samningana frá 1961 enn í fullu gildi og að þar með væri ákvæðið um málskot til Alþjóðadómstólsins enn virkt og að ríkin myndu ekki hika við að virkja það ef íslensk stjórnvöld héldu áfram á þessari stefnu. Þann 7. mars 1972 tilkynnti breska ríkisstjórnin opinberlega að hún myndi skjóta máli þessu til Alþjóðadómstólsins í Haag á grundvelli samninganna frá 1961. Þann 14. apríl 1972 barst dómstólnum síðan formleg kæra Breta og í maí mánuði fóru Vestur-Þjóðverjar að fordæmi Breta og vísuðu deilunni til Alþjóðadómstólsins. Staðan varð þá þannig allt virtist stefna í hart í þessari deilu og báðir deiluaðilar hófu undirbúning.

## 2. kafli Upphaf samningaviðræðna

### 2.1. Samningaviðræður 1971-1973

Strax og áætlanir nýrrar ríkisstjórnar um að stækkun landhelgarinnar hófust viðræður á milli íslenskra og þýskra stjórnvalda.

Einar Ágústsson utanríkisráðherra, Hans G. Andersen og Pétur Thorsteinsson ráðuneytisstjóri fóru í ágústmánuði 1971 til Bretlands og Vestur-Þýskalands til að kynna fyrir þeim áætlanir nýju íslensku ríkisstjórnarinnar í landhelgismálum. Eftir að hafa hitt breska aðila þann 18. ágúst mættu Einar Ágústsson og föruneyti ásamt Árna Tryggvasyni sendiherra á fund Sigmund Von Braun ráðuneytisstjóra og fleirum háttsettum embættismönnum þann 20. ágúst 1971. Þar kom íslenska sendinefndin fram sjónarmiðum Íslands. Þegar íslenska sendinefndin hafði lokið máli sínu tók Von Braun til máls og sagði að líkt og bresk stjórnvöld höfðu sagt litu þeir á einhliða útfærslu íslenskra stjórnvalda sem ólöglega aðgerð og að hún bryti í bága við gildandi samninginn frá 1961. Eins benti hann á að þessar aðgerðir Íslendinga myndu hugsanlega hafa áhrif á samningaviðræður Íslendinga við efnahagsbandalags Evrópu en Ísland var á þessum tíma í miðjum viðræðum um aðgang að innri markaði Evrópu. Niðurstaða fundarins var að Þjóðverjar myndu taka sér allan rétt til að mótmæla þessum aðgerðum og að þeir myndu hugsanlega virkja málskotsákvæðið og senda málið til Alþjóðadómstólsins eins og samningurinn frá 1961 kvað á um. Þjóðverjar töldu það þó vera gagnlegra að leita eftir áframhaldandi viðræðum. Síðar þennan sama dag á fundi hjá matvælaráðuneyti í Bonn var tónninn allt annar en á fundinum í utanríkisráðuneytinu. Skoðun ráðherrans þar var að það væri ekki spurning um hvort, heldur hvenær málið færi til Alþjóðadómstólsins. Eitt það áhugaverðasta hvað þetta varðar er hversu mismunandi tón var að heyra á milli utanríkis- og matvælaráðuneytis en eftir fund hjá utanríkisráðuneytinu sagði í skýrslu að þetta væri liður í víðtækum samskiptum þjóðanna og „ekki sérstakt stórmál.“ Á meðan í matvælaráðuneytinu tóku þetta mál mun alvarlega en utanríkisráðuneytið enda um mikilvægt atvinnugrein fyrir strand borgir í norður þýskalandi um að ræða.

Eftir að hafa farið um og kynnt fyrir deiluaðilum málstað Íslands var ákveðið að reyna að koma sér saman um góða tímasetningu til þess að koma saman og ræða málinn.

Þann 17. ágúst 1972 gaf Alþjóðadómstólinn út bráðabirgðadóm sinn í málinu. Þessi dómur var í gildi þar til dómstólinn gaf út sinn lokaúrskurð. Íslendingum var þá bannað að stöðva veiðar þýskra og breskra skipa. Þýsk skip ættu að veiða ekki meira en 119.000 tonn á ári á meðan dómstólinn myndi fara yfir málið en þessar tölur var meðal afli á árunum 1967-71. Í Bonn var útskurðinum tekið vel af almenningi og stjórnvöldum. Haft var eftir Joachim Genschow að miklu fargi væri nú létt af útgerðar- og fiskiðnaði í Sambandslýðveldinu og að margir væru ánægðir með þessar niðurstöður en að þeir biðu jafnframt spenntir eftir viðbrögðum íslenskra stjórnvalda. Íslensk stjórnvöld voru aftur á móti ekki eins ánægð en þau töldu að dómstólinn ætti ekki lögsögu í þess máli.<sup>6</sup>

Þann 9. nóvember var fyrsti opinberi fundurinn haldinn í Bonn í kjölfar fundarins í London. Hann var haldinn í kjölfar áður nefndra könnunarviðræðna sem voru í ágúst sama ár. Utanríkisráðuneytið hósti fundinn. Íslensk samninganefndin kom fram og lagði fram sína sýn á þessu máli. Frá sjónahorni Íslendinga var þetta mál sem varðaði grundvallaratvinnugrein ásamt því að vera lífgefandi iðnaður þjóðarinnar. Ef fiskistofninn hér um kring myndi hrynja myndi það hafa gífurlegar afleiðingar fyrir hag lands og þjóðar. Nefndi benti á að hér á landi væri til staðar algjör samstaða fyrir útfærsluna og að allir flokkar væru á sama máli. Íslensk stjórnvöld töldu að þau væru reiðubúin að semja um bráðabirgðaleyfiheimild fyrir Þjóðverja. Þegar umræðan snerist að útskotsheimildinni sem sett var í samninginn frá 1961 skýrðu Íslendingar frá því að frá þeirra sjónarhorni hefði sá samningur runnið sitt skeið og að Þjóðverjar hefðu fullnýtt sér þær veiðiheimildir sem samið var um. Því væri samningurinn alfarið dottinn úr gildi, þar með málskotsákvæðið einnig.

Þjóðverjar byggðu afstöðu sína á þremur punktum:

1. Þeir töldu að stækkun úr 12 mílum yfir í 50 mílur væri í algjörrri andstæðu við alþjóðalög. Þó að nokkur ríki hefðu tekið sér einhliða stærri landhelgi væri að þeirra sögn ekki fótur fyrir þeim í alþjóðalögum. Þeir töldu að það þyrfti að gera lagalegan greinarmun á yfirráði á hafsbotni og hafinu fyrir ofan. Frelsi hafsins væri byggt á ævifornum venjum en hitt ekki og því viðurkenndu þeir ekki kröfur Íslendinga.

---

<sup>6</sup> Morgunblaðið 18.ágúst 1972. Bls. 1,14 og 20



2. Þeir vísuðu í samninginn frá árinu 1961 þar sem báðar þjóðir samþykktu ákvæði um að ef til ágreinings kæmi hefðu Þjóðverjar rétt til þess að skjóta málinu til Alþjóðadómstólsins. Þeir gerðu Íslendingum grein fyrir að þýsk stjórnvöld hygðust nýta sér þennan málskotsrétt.

3. Að lokum lögðu þeir fram þau rök að þeir gerðu sér fyllilega grein fyrir mikilvægi fiskimiðanna fyrir íslenskt atvinnulíf og afkomu landsins. Með tilliti til þess væru þeir tilbúnir að semja um að auka ekki afla sinn og jafnvel að takmarka veiðarnar. Þeir töldu það þó vera fráleitt að semja um tímabundið veiðileyfi innan nýju landhelgarinnar og vildu varanlegan samning.

Eftir að þessar fyrst viðræður höfðu gengið yfir var kallað til nokkurra umræðna árið 1972. Umræðurnar á þessum fundum virðist hafa miðað hægt eða alls ekkert en Gero Möcklinghoff, embættismaður hjá þýska ríkinu, sagði Vestur-þýsku ríkisstjórnina hafa í öllum viðræðum þetta ár verið tilbúna til að viðurkenna hversu mikil lífsnauðsyn fiskveiðar væru fyrir Íslendinga. Hann hefði þess vegna boðist til að draga úr veiðum þýskra skipa á Íslandsmiðum og að þeir myndu fara langt út fyrir 50 mílurnar. Þetta yrði gert á grundvelli meðaltalsfiskveiðiafla síðustu tíu ára sem var þá um 120.000 tonn á ársgrundvelli. Þýsk yfirvöld myndu þá fylgja skynsamlegum reglum sem settar væru í varúðarskyni til verndar fiskistofnunum. Þau hefðu því fallist á friðun hrygningarstöðva og stækkun á verndarsvæði íslenskra fiskistofna. Þrátt fyrir þetta hefðu íslensk stjórnvöld hafnað tillögu þessari. Hann sagðist enn fremur vona að viðunandi niðurstaða myndi fást í viðræður sem myndu fylgja í náninni framtíð og að hættunni á óhappaverkum yrði þannig afstýrt. Hann lagði svo áherslu á að þrátt fyrir allan skilning á stöðu Íslendinga yrði að hafa hugfast að um 90% aflans af Íslandsmiðum kæmi frá svæðum innan við fimmtíu mílna mörkin.<sup>7</sup>

Árið 1973 var ekki um auðugan garð að gresja í umræðunum en þar virðist sem að allur kraftur hefði verið settur í að klára samninginn við Breta. Þrátt fyrir það héldu þeir áfram að tala saman.

## **2.2 1974-75 framhald viðræðna og loka spretturinn**

Þegar ný ríkisstjórn tók við völdum árið 1974 var það fyrsta sem hún þurfti að gera að leggja mat á það uppkast af samningum sem lá fyrir þeim frá undanföllum sínum. Sú

---

<sup>7</sup> Víkingur 66. Árgangur 4. tölublað. Bls. 27

tilraun rann út í sandinn og þegar ríkisstjórnin hélt sér þétt við að algjörlega útiloka frystitogarar og verksmiðjutogara hélt landhelgisgæslan áfram sínu öfluga starfi á miðunum í kringum landið. Nýja ríkisstjórnin greindi þeirri þýsku frá áætlunum þeirra um 200 mílna landhelgi en þróun í þá átt var rétt handan við hornið

Íslensk stjórnvöld bundu miklar vonir við þriðju og fjórðu hafréttarráðstefnuna enda myndi það styrkja stöðu þeirra í samningaviðræðunum við Þjóðverja, þar sem þeir gátu sýnt fram á að hugmyndirnar um 200 mílna landhelgi væri vaxandi í heiminum

Sumarið 1974 var annar fundur þriðju hafréttarráðstefnunnar haldinn í Caracas í Venúsúela. Auk þeirra 90 ríkja sem tekið höfðu þátt í undirbúningsferlinu árið 1973 bættust nú við 150 ríki til viðbótar. Meirihluti tímans fór í að vinna úr öllum tillögnum sem lagðar höfðu verið fyrir ráðstefnuna og samræma þær þannig að hægt væri að ganga til atkvæða um þær.<sup>8</sup> Á þessum fundi varð ljóst að auðlindalögsaga yrði miðuð við 200 sjómílnur í fyrirhuguðum hafréttarsamningi, en meirihluti tilagann miðuðu við 200 sjómílnurnar. Aðeins tveimur tillögum var sýnilega beint gegn 200 sjómílna mörkunum, annars vegar tillögu frá hópi landluktra ríkja og hins vegar tillögu Efnahagsbandalagsríkjanna. Þessum hópum var engu að síður ljóst að 200 sjómílna reglan ætti eftir að verða ofan á þrátt fyrir að þeir neituðu að viðurkenna hana í tillögum sínum.<sup>9</sup>

Ísland lagði fram tillögu ásamt átta öðrum ríkjum þar sem svo var fyrir mælt að öll ríki hefðu heimild til þess að marka auðlindalögsögu sína um allt að 200 sjómílnur frá grunnlínum, með tilliti til landfræðilegra og efnahagslegra staðhátta og aðstæðna. Margar þjóðir breyttu stefnu sinni á þessum fundi og féllust á 200 sjómílna mörkin, þar á meðal var Sovétríkin og Bandaríkin en áður höfðu Bandaríkin ekki viðurkennt þau heldur einungis viðurkennt forgangsrétt strandríkis til fiskveiða utan landhelginnar.<sup>10</sup>

Mjög var þó mismunandi hvaða réttindi tillöguríkin vildu veita strandríkjunum innan auðlindasögunnar, þrátt fyrir að víðtæk samstaða hefði náðst um mörk hennar. Í meiri hluti tillagna, þar á meðal tillögu Íslands og fyrrnefndra ríkja, kom fram að réttindi

<sup>8</sup> Hans G. Andersen: „Á við og dreif. Hafréttarráðstefna Sameinuðu Þjóðanna.“, bls. 110

<sup>9</sup> Gunnar G. Schram: „Störf annars fundar hafréttarráðstefnu Sameinuðu Þjóðanna.“ Úlfjótur, 28:1 (1975), bls. 47-63, bls. 50

<sup>10</sup> Sama heimild, bls.51

strandríkisins á svæðinu skyldu vera full og óskoruð ríkisyfirráð, að því er tæki til auðlinda svæðisins. Strandríkið hefði þá óskilyrtan rétt til allra fiskveiða innan auðlindalögsögunnar. Allar ívilnanir og fiskveiðiréttindi erlendum ríkjum til handa skyldu því aðeins veitt að því gefnu að strandríkið myndi ljá þeim einhliða samþykki sitt. Fjórar tillögur léðu ekki máls á nema mjög takmörkuðum rétti strandríkisins innan auðlindalögsögunnar. Fólu þær jafnan í sér einhvers konar forréttindi strandríkisins eða að öll ríki skyldu koma sér upp sameiginlegri auðlindalögsögu. Tillögur ríkja Efnahagsbands Evrópu, hinna Norðurlandanna auk fleiri ríkja voru í þessa veru. Þrátt fyrir að strandríkið hefði forgangsrétt til fiskveiðiréttinda og rétt til að ákveða hver ámarksafli skyldi vera, þá væri því ekki heimilt að ákveða einhliða hluta sinn í veiðum innan svæðisins heldur skyldi það tilkynna hlutaðeigandi alþjóðastofnun um óskir sínar í þessu efni.<sup>11</sup>

Þriðji þáttur hafréttarráðstefnunnar var haldinn í Genf um vorið 1975. Þar reyndu auðildarríki ráðstefnunnar að steypa tillögnum saman í eitt frumvarp að hafréttarsáttmála sem síðan skyldi breytt þar til viðunandi niðurstaða fengist. Í stuttu máli má segja að málstaður Íslands og fleiri ríkja hafi orðið ofan á um þær greinar frumvarpsins sem sneru um auðlindalögsöguna. Í 46.gr. þess var tilgreint að auðlindalögsaga mætti vera allt að 200 sjómíllur og í 50.gr. að strandríkin sjálf skyldu setja upp leyfilegan hámarksafla fiskistofna á svæðinu. Í 51. gr. var síðan gert ráð fyrir að hvert strandríki réði því alfarið hvernig hámarksafllinn yrði nýttur, sem og hvort önnur ríki myndu fá hlutdeild í honum.<sup>12</sup> Töluvert stór hópur strandríkja hafði barist fyrir þessari niðurstöðu og náð samkomulagi við stóran hóp þróunarríkja í því skyni að ná henni fram. Íslendingar voru áberandi í þessum viðræðum og beittu sér fyrir því að ekki yrði lokað á möguleikann á einhliða aðgerðum strandríkja til víkkunar auðlinda lögsögunnar.<sup>13</sup> Þótt hópur landluktra ríkja, auk margra þróunarríkja, hefði reynt að álykta gegn hvers konar einhliða aðgerðum tókst þeim ekki að ná nægum fjölda atkvæða.<sup>14</sup> Víst þótti eftir Genfarfundinn að einhliða útfærsla Íslendinga á

<sup>11</sup> Gunnar G. Schram: „Störf annars fundar hafréttarráðstefnu Sameinuðu Þjóðanna.“, bls. 53-56

<sup>12</sup> Hans G. Andresen: „Á við og dreif. Hafréttarráðstefna Sameinuðu Þjóðanna.“ Tímarit lögfræðinga, 23:2 (1973), bls. 34

<sup>13</sup> Morgunblaðið 19.apríl 1975,bls. 1

<sup>14</sup> Morgunblaðið 10.maí 1975, bls. 5.

auðlindalögsögu sinni í 200 sjómíflur yrði ekki andstæð alþjóðalögum heldur þvert á móti í anda þess sem rætt hefði verið um.

Þjóðverjar voru mjög svektir með niðurstöður ráðstefnunnar. Þeir töldu að með þessari þróun væru úthafsveiðimið þeirra við Ísland, Noreg og Norður-Ameríku tekin frá þeim. Þjóðverjar töldu að þessi 200 mílna efnahaglögsaga myndi misbjóða þeim löndum sem ekki hefðu strandlengju þar sem efnahagslögsaga þeirra væri mun minni en þeirra sem væru með strandlengju og að þar með myndi aðgangur þeirra að náttúruauðlindum verða minni en ella.<sup>15</sup>

Landslagið í umræðunum árið 1974 var frekar grimmt og um ákveðna patstöðu að ræða en þá vildu hvorug stjórnvaldanna taka þátt í frekari árangurslausum samningaviðræðum. Báðar þjóðir héldu fast í sitt, Íslendingar lágu á sínum kröfum um útilokun á frystitogurum og Þjóðverjar lágu héldu í sínar kröfur.

Hans G. Andersen, einn af aðal samningsmönnum Íslands, skrifaði þann 11. október 1974 skýrslu þar sem hann taldi upp meginafstöðu Þjóðverja eftir langvarandi samningaviðræður. Þjóðverjar vildu fá sambærilegan samning og Bretar sem hljóðaði upp á um það bil 25% skerðingu afla veiðiflota síns sem gaf þeim færi á að afla sér um það bil 85 til 95 þúsund tonn af fiski. Til þess að geta falað sér þann afla sem stungið var upp á stóðu þeir þétt við þá skoðun sína að frystitogarar yrðu að vera leyfðir þar sem fiskiveiðifloti þeirra væri byggður upp á allt annan hátt en sá breski. Meirihluti ísfisktogarar þeirra hafði verið lagðir af og teknir upp nýrri frystitogarar. Samkvæmt Þjóðverjum voru um það bil 40 ísfisktogarar eftir og áætlað að minnka þann fjölda enn meira. Með þessum 40 togurum væri aðeins hægt að veiða í kringum 60-65 þúsund tonn hér á miðum þó að veiða mætti allt upp að 12 mílna mörkunum. Benda Þjóðverjar á að Bretar hefðu yfir 139 ísfiskitogurum að ráða og að eina leiðin til þess að brúa þetta bil væri að leyfa 10-17 frystitogara sem gætu hjálpað til við að brúa bilið. Þjóðverjar voru tilbúnir til þess að fallast á skilyrði sem tryggðu að frystitogararnir myndu veiða eins og ísfiskiskipin með því að nota sams konar veiðifæri, sömu úthaldsdaga og enga fiskimjölvinnslu nema úr úrgangi, íslenska eftirlitsmenn og svo framvegis. Þeir stungu upp á 90 úthaldsdögum á ári á hvern togara ef um eins árs samning væri að ræða.

---

<sup>15</sup> Rupperecht, Katrin, Der deutsch-isländische Fischereizonenstreit 1972–1976. Bls 238-239

Hans sagði þessa afstöðu Þjóðverja vera ítrekaða, margsagða og óhagganlega. Ekkert benti til að henni yrði breytt og benda mætti á að Alþjóðadómstólinn hefði gefið út úrskurð Þjóðverjum í hag. Hans taldi það hagkvæmt að skoða þann möguleika að leyfa frystitogara að einhverju leyti, annars væru samningarnir ávallt dæmdir til að misheppnast.<sup>16</sup>

Þann 9. janúar 1975 sendu Hekla og fleiri birgðaaðilar þýskra fyrirtækja hér á landi bréf út til viðskipaaðila sinna þar sem þeir hvöttu þá til að leggja sitt af mörkum og þrýsta stjórnvöld í Þýskalandi að semja um frið í þessari deilu þar sem þeir óttuðust um framhaldið. Volkswagen og fleiri fyrirtæki fengu þetta bréf fljótlega og fóru að tala við stjórnvöld þar í landi. Stuttlega eftir fengu þeir svarbréf frá Josef Ertl, matvæla- og landbúnaðarráðherra Þýskalands. Josef Ertl sagði í svari sínu að þarlend stjórnvöld hefðu, síðan áætlanir íslenskra urðu ljósar, leitast til þess að hefja samningaviðræður við íslensk stjórnvöld. Þýsk stjórnvöld hefðu gengið mjög langt út til að reyna að komast að niðurstöðu við Íslendinga og að Þjóðverjar væru komnir að lokamörkum, að þeir gætu ekki gefið eftir meira og það væri nú komið að Íslandi að gefa eftir.<sup>17</sup>

25. júlí 1974 var dagurinn sem Þjóðverjar höfðu beðið eftir en þann dag gaf Alþjóðadómstólinn í Haag út úrskurð í deilum við annars vegar Ísland og Þjóðverja og hins vegar Íslands og Bretlands. Allt ferlið hafði Ísland haldið sig frá málinu og töldu Íslendingar dómstólinn hafa enga lögsögu í þessu þar sem þetta sneri þannig að Ísland var að framfylgja íslenskum lögum sem áttu að tryggja vernd á lífsmikilvægu málefni fyrir íslensku þjóðina. Í útskurðinum segir meðal annars að útfærsla fiskiveiðilögsögunnar í 50 sjómílur hefði ekkert gildi gangvart Bretlandi og Vestur-Þýskalandi og togarafлотum þeirra. Dómurinn hélt áfram og sagði að málsaðilar yrðu að gegna þeirri skyldu að halda áfram samningaviðræðum sín á milli til að jafna þann ágreining sem þar stæði þeim í vegi. Þar kom einnig fram að Íslendingar yrðu að taka tillit til hefðbundinna veiðiréttinda Breta og Þjóðverjar og að Bretar og Þjóðverjar yrðu að taka tillit til hversu fiskiveiðar væru mikilvægar fyrir íslensku þjóðina og efnahagslíf hennar.<sup>18</sup> Í viðtali við Þjóðviljann sagði Lúðvík Jósepsson að útskurður hefði ekki komið á óvart en að aðalatriði þessa máls væri að sjálfsögðu það að íslenska

<sup>16</sup> Þí utanríkisráðuneyti b/88-2 AA4/48-1 skjal nr. 8

<sup>17</sup> Þí. Frn 1989 B/232 skjal nr 2

<sup>18</sup> International court of justice. <http://www.icj-cij.org/docket/files/56/6001.pdf> bls 25 (sótt 24.3)

ríkisstjórnin hefði tekið þá afstöðu í málinu að hún teldi landhelgissamningana við Breta og Þjóðverja frá 1961 úr gildi fallna, og að af þeim ástæðum kæmi ekki til mála að Íslendingar viðurkenndum lögsögurétt dómstólsins í okkar landhelgismáli. Þessi dómsniðurstaða breytti því engu gagnvart okkur Íslendingum, og að við myndum hafa hana að engu.<sup>19</sup>

Árið 1975 komst aftur hreyfing á viðræðurnar. Íslendingar höfðu fengið byr í seglin vegna jákvæðra þróunar sem hafði verið á hafréttarráðstefnunni í Carracas. Þar fékk hugmyndin um 200 mílna landhelgi mikinn hljómgrunn á meðal ráðstefnugesta, rétt eins og þegar þessar tillögur voru samþykktar í Genf um vorið 1975. Þjóðverjar fóru nú að sjá að þeir væru ekki að fara að breyta þessari þróun, þeir áttuðu sig á að þeir myndu þurfa að virða þessa stefnu og vildu jafnframt koma aftur að samningaborðinu. Þjóðverjar byrjuðu á að aflétta hafnarbanninu sem hafði staðið síðan á seinni hluta 1974 í kjölfar töku togarans Arcturus, en um það verður fjallað meira síðar. Íslensk og þýsk stjórnvöld hittust tvisvar seinni hluta ársins 1975, annars vegar 28. til 29. október og hins vegar 19. til 20. nóvember. Samningaviðræðurnar í október fóru fram í Reykjavík, þessar viðræður fóru fram á vingjarnlegum nóttum en þó virtist enn bera mikið á milli. Þó komu Þjóðverjar með tilboð á borðið sem Íslendingar gáfu ekki svar við né komu þeir með gagntilboð og þessari fyrri samningalotu lauk því með engum samningi<sup>20</sup>. Þann 19. til 20. nóvember komu deiluaðilar saman úti í Bonn. Strax eftir fyrsta dag kom það fljótt upp að enn vantaði upp á að samningar næðust. Íslendingar neituðu þeim 85.000 tonna ársafla sem áður hafði verið rætt um í fyrri samningaviðræðum en Þjóðverjarnir virtust viljugir til að minnka aflann, Auk þess kom upp ágreiningur um veiðisvæði innan 200 sjómílna landhelginnar en Hans Jürgen Wischnewski, aðstoðarutanríkisráðherra og aðalsamningamaður Þjóðverja, var hins vegar öllu bjartsýnni og sagði hann í viðtali Reuter-fréttastofan að samkomulag hefði náðst um allt annað en veiðisvæði innan landhelginnar á meðan Einar Ágústsson varðist fréttu um gang mála<sup>21</sup>. Það dró síðan til tíðinda eftir næsta dag. Eftir að hafa rætt saman kom til verulegra afturhvarfs af hálfu Þjóðverja. Drögin hljóðuðu upp á 60.000 tonna ársafla handa Þjóðverjum til tveggja ára og að Þjóðverjar myndu beita sér fyrir gildistöku

<sup>19</sup> Þjóðviljinn 26.7.1974 bls.1

<sup>20</sup> Morgunblaðið 30 október 1975 bls. 20 og 36

<sup>21</sup> Morgunblaðið 20.nóvember 1975 bls. 1

bókunar 6. Hans Jürgen Wischnewski lagði áherslu á að drögin fælu ekki í sér viðurkenningu Vestur-Þjóðverja á 200 sjómílna fiskveiðilögsögu Íslendinga. Hann lagði áherslu á að hafréttarráðstefnan ætti eftir að ákveða stærð landhelgi og fiskveiðilögsögu í heiminum. Íslenska sendinefndin kom heim með sammingsdrögin og fóru þau fljótt fyrir þing þar sem þau voru staðfest<sup>22</sup>. Samningurinn þessi hljóðaði upp á að Þjóðverjar fengju leyfi fyrir 60.000 tonna ársafla, þar af um 5.000 tonn af þorski, en Þjóðverjar voru aðallega á höttunum á eftir karfa og ufsa. Veiðisvæðin þeirra endurspegluðu þessa staðreynd. Þjóðverjar fengu leyfi fyrir 40 skipum. Þar á meðal voru nokkrir gamlir vinir landhelgisgæslunnar, til dæmis Arcturus. Frysti- og verksmiðjutogarar voru bannaðir á miðunum. Þýsk stjórnvöld skyldu sjá til þess að skip þeirra tækju ekki fisk sem væri undir því stærð og þyngd sem íslensk stjórnvöld ákvöddu og að þau myndu nota sama möskvastærð og íslensk skip. Eftirlitsskip skyldu daglega tilkynna staðsetningu þýskra skipa á meðan þau væru í íslenskri lögsögu. Landhelgisgæslan hefði leyfi til þessa að, ef grunnur væri um brot á ákvæðum sammings þessa, stöðva fiskiskip og fara um borð til að rannsaka. Ef um brot virtist vera að ræða skyldi kalla til þýskt eftirlitsskip þar sem brotið yrði sannreynt.<sup>23</sup>

---

<sup>22</sup> Morgunblaðið 21.nóvember 1975 bls. 1

<sup>23</sup> <http://www.althingi.is/altext/97/s/pdf/0085.pdf> sótt 14.10. 13

### 3. kafli Baráttan á miðunum

Á meðan íslensk og þýsk stjórnvöld settust við samningaborðið og hófu að leita sátta eftir bestu getu og reyndu að koma sér saman um lausn sem báðar hliðar sættu sig við héldu erlendu togararnir áfram veiðum hér við land eins og ekkert hafði í skorist. Þann 1. september 1972 héldu skip Landhelgisgæslunnar út á haf til að fylgja eftir nýju lögnum og fór allur skipakostur út til að taka á stóra sínum úti á miðunum. Stjórnendur gæslunnar sáu að til þess að geta vaktað miðin þurfti að stækka flotann, forsætisráðherra og Alþingi stukku þá til aðstoðar og samþykktu að koma af stað söfnunarátaki til hjálpar gæslunni. Þannig fór að 31. ágúst var hrint af stað landsöfnun fyrir landhelgissjóð og var tilgangur söfnunarinnar að safna fé til að stækka og uppfæra flota landhelgisgæslunnar þar sem lítið var svo á að hann stæði ekki undir þeirri miklu aukningu í störfum sem ætlast til var af honum, en floti landhelgisgæslunnar hafði lítið uppfærst á milli fyrsta og seinna þorskastríðs. Viðbrögð frá almenningi og fyrirtækjum fóru fram úr vonum enda var mikil samhugur meðal þjóðarinnar um þetta mál.<sup>24</sup>

Auk þess að stofna til landssöfnunar til styrktar Landhelgisgæslunni fékk gæslan sérstaka heimild frá Ólafi Jóhannessyni dómsmálaráðherra, en samkvæmt henni var Landhelgisgæslunni heimilt að taka hvaða skip sem það hafði hug á leigutaki. Í byrjun deilunnar 1972 sóttist gæslan fast að því að fá yngsta hvalveiðibát Íslands, Hval 9, að láni. Eigendum skipsins leist heldur illa á þá hugmynd, en með heimild ráðherra var það tekið leigutaki og fékk það þá nafnið Týr, en meðal gæslumanna gekk skipið undir nafninu Hval-Týr. Hvalur 9 var um 20 ára gamalt, búið öflugri gufuvél og hafði ganghraða um 18 mílur sem var svipað og stærri skipum gæslunnar á þeim tíma. Mestu munaði þó um að skipið þótti afar hreyfanlegt og hafði þann kost að geta breytt snögg um stefnu. Þetta gerði þeim kleift að halda í við útlendu togarana ásamt því að þeir gátu haldið undan herskipunum.<sup>25</sup>

Í fyrri deilum var eina vopnið sem landhelgisgæslan reyndi að beita í þessum átökum að fara um borð skipi og færa það til hafnar, en brennt barn forðast eldinn og menn mundu eftir þeim atburðum um borð í North Foam 1958 þegar áhöfn breska togarans sneri blaðinu við og handsamaði þá varðskipsmenn sem komu um borð. Stjórnvöld hér á

<sup>24</sup> Þjóðviljinn 1. September 1972 Bls. 4

<sup>25</sup> Atli Magnússon: Í kröppum sjó, bls. 168



landi og landhelgisgæslan vildu ekki að slíkur atburður myndi endurtaki sig. Pétur Sigurðsson forstjóri landhelgisgæslunnar fékk þá hugmynd að nýju leynivopni gæslunnar í þessum seinni deilum, en það voru klippurnar svokölluðu. Pétur fékk hugmyndina að þessum búnaði árið 1958, hann var ekki notaður á þeim tímapunkti en þeir töldu að ekki þætti fullreynt að hægt væri að skera á togaravírinn á nógu miklu dýpi þannig að skaðaði ekki áhöfn togarana þegar skorið yrði á vírinn. Sönnun fékkst á öryggi þessara búnaðar við prófanir í kringum áramótin 1958-59.

Friðrik Teitsson verkstjóri hjá vélsmiðju Vita- og hafnarmálastjórnunar sá um að hanna og smíða nýja vopnið fyrir gæsluna. Guðmundur Kjærnested lýsti tilkomu þessa leynivopns í endurminningum sínum á eftirfarandi hátt:

„Fyrstu klippurnar sem við fengum voru búnir til úr járnkarli. Á hann voru soðnir fjórir armar með egg í kverkinni [...] Brátt voru gerðar endurbætur á klippunum. Þær urðu sterkari og um leið skæðara vopn. Stundum kom fyrir, sérstaklega á fyrstu vikunum, að við fórum á of mikilli ferð og klippurnar sukku ekki, heldur fóru yfir togvírana. Á þessu réðum við bót með því að setja nokkra keðjuhlekki aftan í klippurnar, sem annars voru ekki þyngri en svo að einn maður gat auðveldlega borið þær [...]

Aftast á varðskipunum er stór og aflmikil vinda með dráttarvíra, um sex hundruð faðma löngum. Við þennan vír voru klippurnar festar. Þegar aðför var gerð að togara voru þrír menn aftur á, bátsmaðurinn sem stjórnaði vindunni og tveir hásetar. Við höfðum kallkerfi milli skutsins og brúarinnar opið þannig að vel var hægt að fylgjast með öllu. Við renndum út þetta 100 til 200 föðmum eftir því hvað togararnir veiddu á miklu dýpi.“<sup>26</sup>

Nú gat Landhelgisgæslan staðið í hári erlendu togaranna án þess að fara um borð.

Fyrstu dagana var nóg að gera hjá áhöfnum gæslunnar þó að ekki yrði hafið að klippa aftan úr skipunum eins og mikið var gert seinna meir, heldur var meintum sakborningum gerð grein fyrir brotum sínum og tóku þá skipverjar niður einkennisstafi

---

<sup>26</sup> Sveinn Sæmundsson: Guðmundur skipherra Kjærnested. Síðara bindi bls. 16

landhelgisbrjótanna ásamt því að taka myndir ef þess þurfti, en sumir breskir togara reyndu að hylja einkennis stafi sín í varnarskyni þó

Þjóðverjar héldu ótrauðir áfram að veiða hér við strendur þrátt fyrir áætlanir Íslendinga um að fara í hart í þessari deilu. Yfirmenn fiskiðnaðarins í úthafsveiðibæjunum Bremenhaven og Cuxhaven biðluðu til yfirvalda um að fá aðstoð sjóhersins til þess að fá vernd frá herskipum líkt og Bretar gerðu. Þeir fengu ekki svarið sem þeir vildu, þýsk stjórnvöld neituðu þeim um aðstoð sjóhersins að svo stöddu en þeim myndi brátt berast liðsauki frá heiman þegar þrjú eftirlitsskip voru send á miðin til að aðstoða þýska flotann. Þýsku skipstjórnarnir fengu þau fyrirmæli að þeir ættu að leita undan varðskipunum þegar þau nálguðust og sigla út úr umdeildu landhelginni<sup>27</sup>. Ef til átaka kæmi við landhelgisgæsluna ættu þeir að tilkynna það og skrá niður nafn varðskipsins og þá myndu þýsk stjórnvöld taka málið fyrir við íslensk stjórnvöld.<sup>28</sup>

Þegar út á miðin var komið hófst baráttan fyrir framtíð fiskveiðiþjóðanna. Á fyrstu dögnum kom ekki til alvarlegra átaka, varðskipin eltu landhelgisbrjóta uppi og út fyrir landhelgina og skráðu hjá sér nöfn og skráningarnúmer. Ekki var gripið til leynivopnsins í fyrstu en Ólafur Jóhannes hafði komið þeim skilaboðum til Landhelgisgæslunnar að forðast togvíraklippingar í lengstu lög.<sup>29</sup> Nú þar sem deilan við þjóðverja virðist hafa gleymst tóku íslendingar léttari á þeim heldur en Bretum úti á miðunum?

Það var ekki mikið af aðgerðum gegn þýskum skipum fyrstu vikunnar en í ævisögu sinni lýsti Guðmundur Kjærsted því að varðskipin hefðu látið þýsku skipin eiga sig fyrst um sinn vegna fyrirskipanna frá stjórnstöð Landhelgisgæslunnar. Hann sagði „undanslátturinn við Þjóðverjanna var algjör þessa daga. Kannski hafa menn gert sér einhverjar vonir um að ná samningum við þá. Við fengum ítrekað fyrirmæli frá stjórnstöð um að láta Þjóðverjana afskiptalausar“. Guðmundur sagði Þjóðverjarnir vita að þeir myndu fá að vera þarna að mestu afskiptalausir og fór þeir því mikið fram við íslensk skip, en þetta fór mikið fyrir brjóst varðskipamanna. Eftir að hafa talað fyrir yfirgangi Þjóðverja fór svo að þann 24. nóvember fékkst leyfi fyrir að beita víraklippunum. Ekki leið langur tími þar til upp kom atvik á milli varðskipanna og

<sup>27</sup> Morgunblaðið. 1. September 1972 bls. 8

<sup>28</sup> Rupperecht, Katrin, Der deutsch-isländische Fischereizonenstreit 1972–1976. Bls. 152

<sup>29</sup> Valur Ingimundarson: Uppgjör við umheiminn, bls. 161.

togarana. Strax þann 25. nóvember lét til skara skríða en þá kom Ægir að vestur-þýska togurum Erlangen á miðum út af suðausturlandi. Ægir kom að honum og án viðvarana eða merkja kom hann aftan að skipinu og skar á togvíra Erlangen með þeim afleiðingum að vírinn sveiflaðist til upp á þilfari togarans og olli þar skemmdum á skipinu ásamt því að einn maður slasaðist. Seinna þennan dag skar Ægir aftan úr togaranum Arcturus. Þessu greindi þýski sendiherrann frá í opinberum mótmælum sem hann afhenti utanríkisráðuneyti Íslands. Seinna í fréttatilkynningu greindi utanríkisráðuneytið frá málsatvikum þannig að Ægir hefði ekki skorið á vírinn hjá Erlangen en að upp hefði komið sú skoðun að vírinn hefði slitnað vegna þess að varpan krækti í grjót á botninum þar sem hann er mjög ójafn á þessu svæði. Hann hefði gert það á Arcturus því hann hefði verið að trufla veiðar smábáta á svæðinu.<sup>30</sup>

Guðmundur Kjærnested sagði að íslensku varðskipunum hefði tekist að halda Vestur-Þjóðverjum að verulega leyti fyrir utan fimmtíu sjómílnar eftir að þau gátu snúið sér nær einvörðungu að þeim eftir að náðist að semja við Breta. Íslensku varðskipunum hefði orðið vel ágengt í baráttunni við vestur-þýska landhelgisbrjóta. Dr. W. Masberg greinir frá því í Deutsche Fischerei að á þeim þremur árum síðan landhelgin hefði verið færð út í fimmtíu mílur hefði íslenskum varðskipum tekist að hindra veiðar vestur-þýskra skipa í um 800 skipti og þar af tekist að klippa á togvíra 39 togara. Það voru þó fleiri þýskir togarar klipptir eftir þessa samantekt Masbergs, þannig að talan mun hafa orðið eitthvað hærri en sú sem hann gaf upp. Endanlegur fjöldi klipptra þýskra togara hefur enn ekki verið tekin.<sup>31</sup>

Í skýrslu sem Landhelgisgæslan gerði árið 1974 var öllum gögnum sem gæslan hafði aflað sér um vestur-þýsk skip steipt saman og reynt að sjá hversu mikil sóknin var hjá Þjóðverjum. Á tímabilinu nóvember til desember 1972 stóðu þeir 60 skip að verki, þar af meðal voru um það bil 58.4% þeirra ísfisktogarar og um 41.6% verksmiðjutogarar. Enn fremur var tekin til tala á tímabilinu september til október 1974 en þá hefði orðið veruleg fækkun á skipunum. Voru þá aðeins 39 skip gripin og skráð, þar af 51.3% ísfisktogarar og 48.7% verksmiðjutogarar, sem sýnir að Þjóðverjar höfðu aðeins slakað á miðunum. Árið á milli vantaði þar sem gæslan var með allan hugann við Breta á þeim tíma. Miðað við þessar tölur voru um það bil 16 vestur-þýskir togarar á

---

<sup>30</sup> Þjóðviljinn 9.12.1972 bl15-16

<sup>31</sup> Víkingur 4. Tölublað bls. 29

miðunum á dag sem er talvert minn fjöldi en bresk skip á svipuðum tíma. Þar sem þeir voru á mest eftir karfa og ufsa héldu þeir sig mest suðvestan og suðaustan lands á þeim miðum en þó hafði eins sést til þeirra fyrir vestan land.<sup>32</sup>

Árið 1975 voru samskipti milli stjórnvald mjög stíð vegna löndunarbannsins en þýskir togarar héldu áfram að veiða innan íslenskra lögsögu og því héldu aðgerðir íslenskra skipa áfram.

Ein aðgerð Landhelgisgæslunnar stendur upp úr á þessum tíma. Þann 20. júní 1975 var Óðinn á reglubundnu eftirliti. Klukkan 01:57 kom Óðinn að fjórum vesturþýskum togurum á veiðum suðvestur af Reykjanesi eða 15 sjómílur innan lögsögunnar. Þegar Óðinn nálgadist hópinn hífðu allir upp trollin og stefndu út fyrir landhelgina. Hins vegar sigldi B/v Sagefish BX 668 í átt að Óðni. Óðinn gaf stöðvunarmerki sem togarinn hundsaði. Það sem fylgdi var einstakt dæmi en Sagefish reyndi samkvæmt skýrslu áhafnar Óðins tvisvar að sigla á bakborð Óðins án árangurs. Greip þá Óðinn til gagnsóknar og skaut 3 skotum í átt að Sagefish, 1 lausu og 2 föstum skotum. Sagefish lét þá af tilraununum og hélt í suðausturátt en Óðinn veitti eftirför og gaf þeim stöðvunarmerki. Um 06:00 var eftirför hætt enda langt komið fyrir utan landhelgina. Talið er að skipstjóri Sagefish hafi reynt þetta til þess að gefa hinum togurum færi á að komast undan og jafnvel veiða meira.<sup>33</sup> Í kjölfar þessa mótmæltu þýsk stjórnvöld aðgerðunum. Atburðarásin sem áhöfn Sagefish gaf er allt önnur en sem áhöfn Óðinn gaf í skýrslu. Samkvæmt þýsku atburðarrásinni hafði Óðinn einangrað Sagefish frá hinum togurunum með því að sigla í kringum hann og að þar sem bilið á milli skipanna hefði verið mjög lítið hefði litlu munaði að árekstur ætti sér stað. Þegar Sagefish stöðvaði ekki skaut Óðinn í átt til Sagefish.<sup>34</sup>

Eftirlitskip Þjóðverja voru nokkurt horn í síðu varðskipanna en þeir höfðu lengi grunað þá um það að gefa út stöðu og ferðir varðskipanna líkt og Bretar gerðu, en ekki gátu þeir borið sönnun á þessum ásökun. Þeir töldu sig nú hafa sönnun á því en 31. júlí 1975 voru Týr og Óðinn í höfn í Reykjavík ásamt eftirlitsskipinu Minden. Um klukkan 14:00 lagði Týr af stað og Óðinn fljótlega eftir það. Minden hafði komið í höfnina deginum áður og fór klukkan 18:02, sama dag og varðskipin fóru. Á þessum tíma var loftskeytamaður að

---

<sup>32</sup> ÞÍ.Utrn. 1996 B/88 2 skjal nr. 9

<sup>33</sup> ÞÍ.Utrn. 1996 B/88-4 skjal nr. 17

<sup>34</sup> ÞÍ.Utrn. 1996 B/88-4, skjal nr.15

fylgjast með samskiptum Minden við þýska togara. Þegar því var lokið hafði Minden samband við Rothersand með morsi og gaf þar upplýsingar um að Týr og Óðinn hefði lagt af stað klukkan 14:00.<sup>35</sup> Þrátt fyrir þessa frásögn var ekki mikið um sönnunargögn um þetta athæfi.

Ef við tökum nú allt það sem fram hefur komið tóku Íslendingar léttari á Þjóðverjum en Bretum? Stutta svarið er nei en þar sem Þjóðverjar voru ekki jafn margir og Bretar úti á miðunum þannig ef eitthvað ættu þeir að hafa fundið meira fyrir aðgerðum gæslunnar og þá meira þegar samningar við Breta náðust á seinnihluta 1973 þegar Gæslan sneri sér alfarið að þeim. Það virðist hafa verið auðveldara fyrir íslensku varðskipin að komast að þeim þýsku þar sem þau voru ekki með herskip sér til aðstoðar en þó komu eftirlits skipin oft til hjálpar. Þegar við lítum til aðgerðanna sem beittar voru gegn Bretum þá má sjá að um sömu aðgerðir voru notaðar þar sem þeir byrjuðu að taka niður númer og nöfn landhelgisbrjóta og seina egar leyfi gafst notuðu þeir klippurnar. Þó að mjög svipaðar aðgerðir voru um að ræða var eitt atvik þar sem virðist að íslenskt varðskip hafi farði mjög hart gegn þýsku skipi þar er taka togarans Arcturus N BX739 í Nóvember 1974.

### 3.1 Taka Arcturus

Á meðan pattstaðan ríkti í umræðunum átti sér stað einn atburður er setti strik í reikninginn ásamt því að setja af stað mikla umræðu, en hér er um að ræða yfirtaka Togaran Arcturus N BX739. Yfirtaka togaran Arcturus var fyrsta yfirtaka togara eftir að landhelgin var færð út í 50 mílur. Það sem gerði þetta mál en áhugaverðara var að áður hafði landhelgisgæslan fengið tilkynningar um ólöglegar veiðar Arcturus innan 50 mílna lögsögunnar, því virtist að um gamlan kunningja að ræða fyrir áhöfnum Landhelgisgæslunnar. Atburðarrásin átti sér stað yfir aðfaranótt og frameftir morgni sunnudagsins 24. nóvember 1974. Samkvæmt skýrslu áhafnar Ægis var varðskipið Ægir undir stjórn Guðmundar Kjærnested á reglulegu eftirliti aðfaranótt 24. nóvember 1974 fyrir austan land. Klukkan 01:40 kom kvörtun frá togaranum *Hvalbakur SU 300* um veiðar vestur-þýsks togara innan 50 mílna marka á suðvesturhorni Stokknesgrunns. Ægir setti stefnuna austur fyrir og sigldi af stað. 38 mínútum seinna eða um klukkan 02:18 kom Ægir að vestur-þýska togaranum, sem reyndist vera Arcturus N BX 739, við það að hífa inn vörpuna. Áhöfn Ægis hófst strax handa við að mæla stöðu skipsins, sem

---

<sup>35</sup> ÞÍ.Utrn. 1996 B/88-4 ,skjal nr. 12

reyndist vera um það bil 15 sjómíllur innan nýju fiskiveiðilögsögunnar. Fljótlega tók Arcturus vestlæga stefnu og stefndi út fyrir nýju lögsöguna. Ægir veitti eftirför og fylgdi honum vestur fyrir Örafagrunn, um það bil 30 míllur til klukkan 07:00 en þá var stefnan sett á að fylgja öðrum þýskum togurum. Allt var með kyrrum kjörum fram eftir morgni en um hádegisbil eða klukkan 11:29 var aftur komið að Arcturus á veiðum á Stokknesgrunni. Aftur var framkvæmd mæling sem reyndist vera 15.5 sjómíllur innan landhelgarinnar. Þá hófst svipaður leikur og fyrr, Arcturus hífði inn vörpuna, Ægir veitti eftirför og hélt hann nú vestur eftir Mýragrunni. Þegar Ægir varð ánægður með eftirförina skildu þeir við skipið þar sem það hélt áfram sömu vestlæga stefnu. Um það bil 3 tímum seinna kallaði TF-Sýr Ægir upp og sagði frá því að Arcturus hefði sést á veiðum aftur, um það bil 15 sjómíllur innan marka á Mýragrunni.<sup>36</sup>

Í æviminningum skýrði Guðmundur Kjærnested frá því að þá hefði honum verið honum nóg boðið og að hann hefði verið staðráðinn í að ná skipinu. Guðmundur vísaði til einkasamtals sem hann hafði átt við Ólaf Jóhannesson, þar sem hann var spurður hvort ekki væri hægt að ná einhverjum af þessum landhelgisbrjótum, en um þessar mundir hefði Landhelgisgæslan legið undir gagnrýni fyrir aðgerðaleysi úti á miðunum. Guðmundur sagði að það væri hægt að færa skip til hafnar ef heimild væri fyrir því og tækifæri gæfist. Guðmundur segir að vissulega fylgdi því ákveðinn hættu að reyna að ná stjórn á erlendum togara ekki er vitað hvernig.<sup>37</sup>

Ægir hélt því aftur á Mýragrunn og kom fljót aftur á svæðið. Ásamt Arcturus voru tveir íslenskir togarar á Mýragrunni, Hólmanes SU og Gullver NS 12, en þeir myndu seinna staðfesta að frá tímanum sem TF-Sýr tilkynnti Ægir frá skipinu þar til Ægir kom á svæði var Arcturus við veiðar á svæðinu. Rétt fyrir klukkan 16:00 var Ægir kominn á svæðið, hófust þá fljótt mælingar og samkvæmt þeim var skipið að gera sig tilbúið að fara af vettvangi. Þegar Arcturus sneri bakborði í Ægir sást líkt og áður að þeir höfðu híft vörpuna um borð. Staða skipsins var nú mæld í þriðja sinn og reyndist Arcturus vera enn og aftur 14 sjómíllur innan lögsögunnar. Arcturus var að gera sig tilbúið að vera, líkt og áður, fylgt út fyrir lögsöguna en áhöfn Ægis hafði aðra hugmynd. Eftir að hafa mælt Arcturus 14 míllur inn marka um það bil klukkan 16:28 var einu lausu skoti skotið að Arcturus og var hann kallaður upp á tveimur rásum og skipað að stöðva. Á

<sup>36</sup>ÞÍ.Utrn. 1996 B/88-3 skjal nr. 26-7

<sup>37</sup> Sveinn Sæmundsson: Guðmundur skipherra Kjærnested. Síðara bindi. Bls. 158

sama tíma þegar þessa skipanir voru hafðar að engu, var öðru lausu skoti skotið. Klukkan 16:29 var fylgt eftir með öðru lausu skoti, klukkan 16:30 eða 2 mínútum seinna var fjórða lausa skotinu hleypt af og þá einnig brugðið á það ráð að skjóta einu föstu skoti fyrir fram skipið klukkan 16:34. Eftir þessa stuttu skothríð var stöðvunarmerki sent með ljósmorsi klukkan 16:36. Tíu mínútum eftir að skothríðin hófst náðist loks samband við Arcturus sem stöðvuðu þá skipið og klukkan 16:39 var Ægir kominn við hlið ess. Á meðan á þessari skothríð stóð hafði Guðmundur skipað mönnum að gera sig tilbúna til þess að fara um borð. Sjö menn gerðu sig tilbúna til þess að fara um borð en þeir voru fyrsti stýrimaður Þorvaldur Axelsson, Halldór Gunnlaugsson annar stýrimaður, Ólafur Indriðason og Ólafur Ragnarsson ásamt hásetunum Elíasi Sveinbjarnasyni og Sigurði Bergmann. Þeir voru vopnaðir og sendir af stað um leið og Arcturus stansaði.<sup>38</sup> Um það bil klukkan 16:50 voru hinir sex fræknu áhafnarmedlimir Ægis komnir um borð þar sem þeir hófust strax handa við að ná skipinu á sitt vald og tilkynntu jafnframt skipstjóra Arcturus, Werner Masteit, um yfirtöku skipsins og að það yrði fært til næstu hafnar. Skipsverjar Ægis tóku þá niður staðsetningar skipsins samkvæmt mælitækjum Arcturus sem reyndust þær sömu og hjá Ægi. Þegar um borð var komið var mikið um sönnunargögn af veiðum skipsins. Klukkan 17:27 var stefnan síðan tekin á Vestmanneyjar. Valið um að fara með skipið til Vestmanneyja hafði vakið upp spurningar af hverju þangað þar sem Arcturus var tekinn fyrir austanlands þar sem styttra var að fara með skipið til hafnar fyrir austan land. Guðmundur greindi frá því í æviminningum sínum að það hefði talsvert verið mikil fjöldi þýskra togara fyrir austan á þessum tíma, en stjórnstöð og forstjóri Landhelgisgæslunnar, ásamt Guðmundi og fleirum, óttuðust að áhöfn Arcturus myndi kalla eftir hjálp og að þýsku skipin myndu reyna að skerast í leikinn. Þar sem engin önnur varðskip voru á svæðinu til að aðstoða ef eitthvað kæmi upp á var ákveðið að stefna til Vestmanneyja.<sup>39</sup>

Þar sem þetta var fyrsta yfirtaka erlends skips í íslenskri lögsögu síðan mörkin voru færð út í 50 sjómíllur varð áhuginn á þessum atburði mikill en margir voru ósáttir við hversu seint greint var frá honum. Margir heyrðu fyrst frá þessu í gegnum erlenda miðla sem greindu mjög fljótt frá málinu en landhelgisgæslan lét ekki fréttu af þessu fyrr en

<sup>38</sup> Sveinn Sæmundsson: Guðmundur skipherra Kjærnested. Síðara bindi. Bls. 158-159

<sup>39</sup> Sveinn Sæmundsson: Guðmundur skipherra Kjærnested. Síðara bindi. Bls 160

Arcturus var kominn til hafnar. Var þá um varúðarráðstöfun að ræða þar sem þeir óttuðust aðgerðir samlanda Arcturus á svæðinu en þeir virtust hafa vitað allan tíman hvað að gerast og tilkynntu aðstæður sínar til sinna yfirvalda.<sup>40</sup>

Um leið og komið var til hafnar með Arcturus var skipstjórinn Werner Masteit handtekinn og ákærður fyrir landhelgisbrot. Strax á mánudagsmorgninum var farið með Masteit fyrir dómstóla og honum úthlutaður lögfræðingur. Guðmundur Kjærnested kom fram fyrir rétti, bar vitni og greindi frá atburðarrás deginum á undan. Þegar Werner Masteit sagði frá atburðarrásinni kom fram að hann skildi ekki af hverju verið væri að kæra hann sérstaklega, en hann staðfesti atburðarrásina og neitaði ekki að Arcturus hafi verið á veiðum innan landhelginnar. Eftir að allir sem viðkomu höfðu gefið sinn vitnisburð var ákveðið að ákæra Werner fyrir þrefalt landhelgisbrot, málinu áfrýjað og það sent til Hæstaréttar.

Werner Masteit var dæmdur til að borga 1.5 miljónir í sekt og afli og veiðafæri Arcturus voru gerð upptæk. Ekki kom til að málið færi fyrir Hæstarétt þar sem Werner Masteit lést áður en til réttarhalda kom.<sup>41</sup>

Fréttir af töku Arcturus fóru sem eldur um sinu meðal þýskra skipa og bárust þær fljótlega til þýskra stjórnvalda. Mikið fjölmiðlafár skapaðist í Þýskalandi líkt og hér á landi og talað var um nútímasjórán og að alvara væri að færast í þorskastríðið.<sup>42</sup>

Þann 25. nóvember mætti sendiherra Þýskalands, Raimund Hergt, fyrir forsætisráðherra. Þar mælti hann formleg mótmæli fyrir hönd þýsku ríkistjórnarinnar. Hergt krafðist þess að skipið Arcturus og áhöfn þess yrði án tafa sleppt úr haldi og að ef ekki væri orðið að þessari beiðni myndi þýska ríkistjórnin áskila sér rétt til gagnaðgerða. Þýska ríkisstjórnin sagði að aðgerðir íslensku varðskipanna væri í algjörrri andstæðu við alþjóðleg lög og að enginn þjóð ætti rétt til valdbeitingu úti á hafi, auk þess að þetta hefði brotið á bága við úrskurð Alþjóðadómstólsins í Haag frá 25. júlí sama árs samkvæmt 94.gr stofnskrá Sameinuðu þjóðanna, þar sem aðilar að því eru skyldugir til þess að fara eftir þeim útskurði. Forsætisráðherra mælti eftir málflutning Hergt að hann myndi ræða þetta við ríkistjórn sína. Hann sagði að skiptar skoðanir væru á réttmæti

---

<sup>40</sup> Sama heimild

<sup>41</sup> Morgunblaðið 22.7.1976 bls.36 og 20

<sup>42</sup> Rupperecht, Katrin, Der deutsch-isländische Fischereizonenstreit 1972–1976. Bls 217



aðgerða íslensku varðskipanna en samkvæmt ríkistjórn Íslands ætti Ísland ótvíræðan rétt til að vernda 50 sjómílna lögsöguna. Auk þess greindi hann frá því að Arcturus hefði verið þrisvar sinnum verið staðið að því að vera á veiðum innan lögsögunnar, að það hafi haft í „ögrunum á skömmum tíma“ og það hefði „óhjákvæmilega leitt til töku hans.“<sup>43</sup>

Forsætisráðherra kallaði til Raimund Hergt aftur 28. nóvember, þar sem hann vildi svara þeim mótmælum sem Hergt hefði afhent þremur dögum fyrr. Forsætisráðherrann vildi leggja fram fjögur atriði. Það fyrsta var að yfirtaka togarans hefði verið í samræmi við íslensk lög. Þau lög mæla fyrir 50 sjómílna fiskiveiðilögsögu umhverfis landið og taka Arcturus var liður í eðlilegum löggæsluáðgerðum.

Annað atriðið var að íslensk stjórnöld tóku ekki þátt í réttahöldum fyrir dómstólnum í Haag og því ætti sá úrskurður ekki við íslensk stjórnvöld og að því tækju þau ekki þann úrskurð gildan.

Í þriðja lagi hefði mál Arcturus farið fram í samræmi við almennar réttarreglur og að því ferli loknu hefði togarinn verið látinn laus með skilyrðum sem dómstóllinn setti.

Í fjórða og síðasta lagi væri Ríkistjórn Íslands reiðubúin að halda áfram samningaviðræðum um viðunandi lausn sem ekki skaðaði lífshagsmunum íslensku þjóðarinnar.<sup>44</sup>

### **3.2 Löndunarbann**

Mikil reiði ríkti í strandhéraðum Þýskalands og sérstaklega hafnarbæjunum Bremerhaven og Cruxhaven þar sem úthafsveiðifloti Þjóðverja sigldi frá. Strax og það varð ljóst hvað hefði gerst fóru af stað harðar kröfur um gagnaðgerðir og kom þá upp hugmynd um að kom á löndunarbanni á íslensk skip í þýskum höfnum. Þetta var ekki fyrsta tilraun til þess en í byrjun janúar 1973 var reynt á að fá þetta í gegn. Hin fjögur strandhérað ásamt matvælaráðherra töluðu saman um að reyna að koma á löndunarbanni á íslensk skip. Málið fór létt gegnum héraðsnefndir en þegar það kom á borð ríkisstjórnar var ekki mikið fylgi fyrir því, en ráðamenn vildu bíða þar sem þeir

---

<sup>43</sup> ÞÍ. Utrn. 1996 B/88-3

<sup>44</sup> ÞÍ. Utrn. 1996 B/88-3

höfðu nýlega átt í viðræðum við Íslendinga og vildu gefa þeim tækifæri til þess að sýna viðbrögð við hinum nýju málamiðlunum.

Taka Arcturus olli mikilli ólgu meðal þýskra fiskimanna og Sjómannasamtök í Vestur-Þýskalandi hótuðu hörðu. Strax þann 25. nóvember var boðað til mótmæla er íslenski togarinn Oegra var á leið í höfn í Bremerhaven. Meðlimir samtaka fiskimanna í Bremerhaven söfnuðust saman á hafnarhliðinu og ætluðu að meina togaranum inngöngu, vegna þessa var skipinu stefnt til Belgíu.<sup>45</sup>

Ríkisstjórnin í Bonn taldi að nú væri tími til aðgerða gegn Íslendingum. Löndunarbannið var fljótlega staðfest. Íslendinga fréttu fljótlega af þessu gagnaðgerðum og kröfðust svar frá ríkisstjórninni í Bonn. Svörin sem Þjóðverjar gáfu var að þessar aðgerðir væru í ljósi aðstæðna heimilaðar og að þeir hefðu verið þvingaðir í þessar aðgerðir vegna framgangs Íslendinga gegn Arcturus stuttu áður. Íslendingar leituðu sér hjálpar utan frá í gegnum OECD og fleiri alþjóðasamtök, ráku mál sitt á þessu sviði á því að aðgerðir Þjóðverja brytu á bága við stofn samninga OECD og GATT. Þjóðverjar svöruðu því á þeim nótum að þetta væru viðbrögð gegn aðgerðum Íslendinga í tvíhliða samningum. Engin lausn var í sjónmáli fyrir þessu á alþjóðlegum grundvelli. Löndunarbannið stóð fram á mitt árið 1975 þegar Þjóðverjar ákváðu að liðka fyrir samnings viðræðum með því að aflétta banninu.

---

<sup>45</sup> ÞÍ. Utrn. 1996 B/88-3

## 4. kafli Helstu þrætuefni

### 4.1 Verksmiðju- og frystitogaraspurningin

Á meðan að samningaviðræðunum stóð varð fljótt ljóst að Vestur-Þjóðverjar voru mjög viljugir að ná samningum, þeir segja að lítil vandi yrði að semja um þau atriði sem væru óútkljáð, svo sem hámarksafli, veiðisvæði, lögsaga og þar fram eftir götunum. Eftir stóð spurningin um verksmiðjuskipin. Hér var um að ræða þá stærstu hindrun sem stóð í vegi samkomulagsins og varð til þess að samningar sem innihéldu þau skip urðu ekki samþykktir. Verksmiðjuskip voru frekar óþekkt hér á landi þar sem ísfiskitogarar réðu ríkjum, en um aðra sögu var að ræða úti í heimi þar sem þeir voru hægt og bítandi að taka yfir af ísfiskitogurum.

Á Íslandi réði ríkjum mikill ótti við þessi nýju skip sem farin voru að sækja miðin. Verksmiðjuskipin fengu nýtt nafn í almennri umræðu og voru kölluð „ryksuguskip,“ þar sem þessi skip færu út á miðin og tækju allan fiskinn á þeim miðum sem þau sóttu þar sem búnaður voru um borð til að nýta allan þann afla sem veiddist. Þar voru allar stærðir nýttar, minni fiskurinn var nýttur í fiskimjöl á meðan gert var að stærri fiskinum. Í grein í tímanum segir „ Allir kunnustu fiskifræðingar í Evrópu og Norður-Ameríku hafa staðfest, að stóru togararnir, sem hafa eyðilagt miðin í Norðvestur-Atlantshafi leiti nú nýrra miða og leiti austur á bóginn. Þeir munu koma til Íslandsmiða, þegar þeir hafa eytt öðrum fiskimiðum.“<sup>46</sup>

Samkvæmt skýrslu dagsettri 20. desember 1973 segir frá að það eina sem stæði í vegi fyrir samningnum væri „verksmiðjutogaravandamálið“. Í röksemdum sínum gegn þeim setja þeir þrjá punkta. Í fyrsta lagi töldu þeir að erfitt gæti verið að takmarka veiði þeirra þar sem þeir gætu verið á miðunum í 2 mánuði í senn, en það var mun lengra en ísfisktogarar sem voru þar yfirleitt bara í 2-3 vikur. Önnur röksemdin var að þar sem búið væri að útiloka bresk verksmiðjuskip væri það ekki vel séð að gefa þýskum skipum leyfi til að veiða hér við strendur. Þriðja röksemdin var hreinlega að það myndi skapa hér fordæmi þar sem fleiri þjóðir svo sem Rússar, Pólverjar, Austur-Þjóðverjar og fleiri myndu nýta sér í samningaviðræðum við Íslendinga um veiðiheimild fyrir sína flota.

Helstu rök Þjóðverja fyrir verksmiðjutogurum voru hversu mikilvægir þeir væru fyrir þýsku útgerðirnar. Þýski flotinn væri allt öðruvísi uppbyggður en sá breski.

---

<sup>46</sup> tíminn 23.7.72bls.8

Þeir hefðu markvisst á síðustu árum að vinna að leggja ísfisktogurum sínum og byggja upp flota af frystitogurum

11. janúar 1974 ritaði Einar Haukur Ásgrímsson grein í Morgunblaðið sem nefndist „*Ryksugur á sjó*“. Í þessari grein tók Einar fyrir verksmiðjutogara og reyndi að slá á þessar sögusagnir um verksmiðjutogarana og hinn mikla eyðileggingarkraft sem fylgdi þessum skipum. Hann taldi að þessi umræða skemmdi fyrir samningaviðræðunum. Einar byrjaði á því að segja að þrátt fyrir að hafa um borð fullkominn útbúnað til að verka og frjósa flök þá væri veiðibúnaðurinn „undravert litlu frábrugðið minni skipa,“ sérstaklega nefnir hann botnvörðuna, sem notast er að mestu hér við land, að hún væri af „sömu gerð og stærð og þær hefðbundnu og þaulreyndu“ botnvörpur sem íslenskir togarar notuðu. Einar hélt áfram og sagði að hið mikla afl sem þessi skip hefðu gerði þeim kleift að nota mun stærri botnvörpur en að þær myndu ekki nýtast hér við land þar sem sjávarbotninn hér við land er mun harðari og grófari en á öðrum miðum. Þessi miklu skip fara oft eftir þeim úrræðum og ráðum sem íslensku skipin gerðu. Aðstæður hér á miðunum gerðu það að verkum að þessi skip væru ekki að fá mikið meira en þau minni. Einar taldi að ef meirihluti erlendra togarar hér við land væru verksmiðju myndi það vera mun hagstæðara fyrir Íslendinga því þessi skip færu hægar yfir og að þá myndi fjöldinn á miðunum minnka. Einar fjallaði líka um ummæli Lúðvíks Jósepssonar. Einar taldi að þessi skip væru ekki þær ryksugur sem oft væri talað um, að þeir væru að sækjast eftir neyslufiski og að ef þeir væru aðeins að fá smáfisk myndi hann leita að stærri fiski því það væri ekki hagstætt að einungis að taka smáfiskinn.<sup>47</sup>

#### **4.2 Bókun nr. 6**

Snemma á áttunda áratugnum hófu Íslendingar að semja um aðild að EFTA og gengu síðan í verslunarsambandið árið 1970. Þjóðverjar voru aðilar að Efnahagsbandalagi Evrópu, EBE fyrirvera Evrópusambandsins. Um þessar mundir var verið að komast að samkomulagi um að iðnaðarvörur frá Efnahagsbandalaginu fengju sömu tollmeðferð og hliðstæðar vörur frá EFTA-löndunum. Á þessum tíma voru Bretar einnig að semja um aðila að EBE. Samningar Ísland við EBE urðu mjög sérstakir vegna þess að tollafríðindin voru flest miðuð við iðnaðarvöru. Ísland var ekki að versla mikið með iðnaðarvöru þannig það myndi ekki vera hagkvæmt fyrir Íslendinga þar sem sjávarfang

---

<sup>47</sup> Morgunblaðið 22.1.74. bls. 11

var okkar aðalútflutninga vara. Í samningaviðræðum tókst að fá það í gegn að íslenskt sjávarfang myndi fá sömu meðferð og tollfríðindi. EBE setti þó fyrirvara á samninginn og hvatti til að finna lausn á landhelgisdeilum Íslendinga og Þjóðverja en Þjóðverjar voru einn stærsti aðildaraðili að EBE og Bretar voru nýgengnir. Fyrirvarinn var kallaður bókun nr. 6.

Samkvæmt bókun nr. 6 var ákvæði um einhliða tollafríðindi fyrir íslenskar sjávarafurðir, innfluttar til aðildarríkja efnahagsbandalagsins, þannig að íslenskar sjávarafurðir fengju sömu meðferð og iðnvörur. Samkvæmt 2. grein bókunar númer 6 áskildi EBE sér rétt til þess að láta tollalækkanir ekki taka í gildi fyrr en lausn hefði verið náð á fiskiveiðideilunni milli Íslands og Breta og Vestur-Þjóðverja. Þegar samningurinn tók gildi 1. apríl 1973 virkjaði EBE þessa grein og bókun nr. 6 tók ekki gildi. Á fundi nefndar Íslands og EBE var reynt að fá bókun nr. 6 virkjaða þar sem samningar höfðu náðst við Breta um þetta efni og því var aðalhindrunin fyrir bókun nr. 6 rutt úr vegi. Að hálfu EBE var því lýst yfir að ekki væri hægt að virkja fyrri greinina þar sem að ef bókun nr. 6 ætti að taka gildi þyrfti að hafa náðst samkomulag við öll aðildarríki og þar sem deilan við Breta var enn í fullum gangi var ekki hægt að virkja samningsákvæði. Þegar til samkomulags væri náð væri hægt að láta bókun nr. 6 taka gildi nokkrum vikum seinna.<sup>48</sup> Bókun nr. 6 var horn í síðu ríkisstjórnar en þegar tölurnar voru skoðaðar sást hversu mikilvægt bókun nr. 6 gæti reynst fyrir íslenskan sjávarútveg. Dæmi var tekið af tveimur íslenskum skipum sem landa afla sínum í Þýskalandi fyrir bókun nr. 6. Annað skipið landaði aflanum og seldi fyrir 230.950 þýsk mörk, af því yrði lagður tollur að upphæð 24.468 þýskra marka eða um það bil 1.085.954 íslenskar krónur. Ef bókun nr. 6 væri í gildi yrði tollurinn aðeins 6.057 mörk og þar með yrði um það bil 817.503 krónum meiri hagnaður af sölnunni. Væri þetta tekið með í reikningi sást vel á þessum tölum að um mikið hagnaðarmál var fyrir efnahag Íslands að ræða. Íslendingar lögðu hart á Þjóðverja á lokametrum samningaviðræðna að þeir beittu sér fyrir innan EBE að bókun 6. tæki gildi sem allra fyrst. Þjóðverja sögðust reyna hvað þeir gætu í þessum málum, en þeir voru þó aðeins ein af níu þjóðum sem voru í EBE og ekki víst að þau vildu leyfa bókun 6 nema að samningar við bæði Breta og Þjóðverja hefðu náðst.

---

<sup>48</sup> ÞÍ.Utrn 1996 B/88-2 skjal nr 7

## Niðurstöður

Landhelgismálið var eitt veigamesta mál sinnar tíðar hér á landi. Mál þetta var oft í fréttum og Íslendingar sameinuðust í afstöðu sinn til málsins. Ungir sem aldnir stóðu saman gegn erlendu öflunum sem stóðu í vegi einnar veigamestu auðlindar sem þjóðin hafði yfir að bjóða. Íslendingar höfðu nýverið farið í gegnum hrun síldarstofnsins og óttuðust að hið sama myndi henda þorsstofninn ef ekki yrði gripið inn í þessa þróun. Þjóðverjar höfðu í gegnum árin byggt upp á nýjan úthafsveiðiflota eftir seinni heimstyrjöldina og höfðu því mikið undir í þessum málum líkt og Íslendingarnir. Tóku Íslendingar harðar á Þjóðverjum en Bretum og eins og greint hefur verið frá lentu Þjóðverjar vissulega verr í því en Bretar á vissum stigum deilunnar. Þjóðverjar voru mun færri á miðunum en Bretar og því fundu þau þýsku skip sem voru á miðunum meira fyrir aðgerðum gæslunnar en þau bresku, og þegar samningar náðust við Breta lentu þeir enn meira í tönnum Landhelgisgæslunnar en áður. Íslendingar virðast hafa nýtt sér það að engin þýsk herskip voru á miðunum og létu íslensku varðskipin til skarar skriða á móti Þjóðverjum af hörku. Ef við tökum Arcturus sem dæmi lenti skipið alloft í gæslunni allt tímabilið sem deilan spannar; fyrst árið 1972 þegar skorið var á veiðafæri þeirra og svo aftur 1974 þegar skipið var yfirtekið. Annað sem hefði mátt hafa í huga þá varðandi tilvik Arcturus er að þá hafi stjórnvöld orð fyrir gagnrýni vegna aðgerðaleyfis og að afleiðingar þess hafi verið harðari aðgerðir gegn Þjóðverjum. Stjórnvöld hefðu líklega einnig viljað taka jafnhart á Bretum, rétt eins og Þjóðverjum, ef tækifæri hefði gefist, en þau virðast ekki hafa ætlað að taka harðar á Þjóðverjum. Gangur viðræðnanna í þessari deilu var mjög hægur, þrátt fyrir að allt virtist hafa farið ágætlega af stað stóðu báðir aðilar fast á sínum kröfum. Öflugast vopnið sem Ísland beitti í þessum deilum var í raun þolinmæðin. Íslensk stjórnvöld stóðu fast sínum kröfum og biðu eftir að alþjóðalagaumhverfið um landhelgi myndi þróast, Íslandi í hag.

Deilur Íslands og Vestur-Þjóðverja féllu í skugga af deilu Íslands við Breta. Líklegasta skýringin á því er að Bretar fóru alltaf í hart í deilunni og þetta skapaði spennu innan NATO. Bretar og bresk stjórnvöld hikuðu ekki við að senda herskip til að vernda flotann sinn á meðan Þjóðverjar tóku mun vægari skref, en það má velta fyrir sér hversu mikil áhrif draugur seinni heimstyrjaldarinnar hafði á þýsku stjórnvöldunum og hvort að það hafi stoppað Þjóðverjana í að senda herskip sín á móti íslensku varðskipunum. Þýski flotinn var líka mun minni en sá breski og því fór minna fyrir þeim á miðunum. Þrátt fyrir að deilan hafi átt sér stað í skugga deilunnar við Breta var hún jafnerfið fyrir báða aðila.

## Heimildir:

### Prentaðar heimildir:

Atli Magnússon: Í kröppum sjó. Helgi Hallvarðsson skipherra segir frá sægörpum og svaðilförum. (Reykjavík, 1992).

Hans G. Andersen. Greinargerð um landhelgismálið. (Reykjavík, 1948)

Heidbrink, Ingo. Deutschlands einzige Kolonie ist das Meer! : die deutsche Hochseefischerei und die Fischereikonflikte des 20. Jahrhunderts (Hamburg, 2004)

Helgi Skúli Kjartansson, Ísland á 20. Öld (Reykjavík, 2003)

Rupprecht, Katrin. Der deutsch-isländische Fischereizonenstreit 1972–1976. Krisenfall für die NATO? Anhand der Akten des Auswärtigen Amtes. (Frankfurt Am Main, 2011).

Sveinn Sæmundsson: Guðmundur skipherra Kjærnested. Síðara bindi. (Reykjavík, 1985).

Valur Ingimundarson. Uppgjör við umheiminn ( Reykjavík, 2002)

### Dagblöð og tímarit:

Birgir Loftsson „Fiskveiðideilur Íslendinga og Vestur-Þjóðverja 1972-1975“ *Víkingur*. 66. Árgangur 4. tölublað bls. 26-30

Gunnar G. Schram: „Störf annars fundar hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.“ *Úlfjótur*, 28:1 (1975), bls. 47-63.

Hans G. Andersen: „Á við og dreif. Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna.“ *Tímarit lögfræðinga* 23:2 (1973), bls. 34-35. og 24:2 (1974), bls. 110-112.

*Morgunblaðið* 10. maí 1975, bls. 5

*Morgunblaðið* 11. maí 1975, bls.1

*Morgunblaðið* 19. apríl 1975, bls. 1

*Morgunblaðið* 20. nóvember 1975 bls. 1

*Morgunblaðið* 21. nóvember 1975 bls. 1

*Morgunblaðið* 22.júlí 1976 bls. 36 og 20

*Morgunblaðið* 30. október 1975 bls. 20 og 36.

*Morgunblaðið*. 1. september 1972 bls. 8

*Þjóðviljinn* 1. september 1972 Bls. 4

*Þjóðviljinn* 26. Júlí 1974.

*Þjóðviljinn* 9. Desember. 1972 bls. 15-16

### **Óprentaðar heimildir:**

*ÞÍ*. Utanríkisráðuneytið 1996 B/88 2-4 Samningaviðræður og árekstrar, Vestur-  
Þýskaland (skjöll flutt í Öryggismálasafn Íslands *ÖÞÍ* AA4/48-1-3)

*ÞÍ*. FRN 1989 B/231-2 1974-75 Landhelgismálið (Vestur-Þýskaland)

### **Vefheimildir:**

„Fisheries Jurisdictions case. Judgement of 25 of July 1974.” International court of  
justice. <http://www.icj-cij.org/docket/files/56/6001.pdf> Sótt 21.02.2014